

ÁRSSKÝRSLA

20  
16





**UMHVERFISSTOFNUN**

Ritstjóri: Björn Þorláksson

Prentun: Ásprent Stíll ehf.

Útgáfunúmer: UST-2017:02

# ÁRSSKÝRSLA 2016

## EFNISYFIRLIT

Minna, minna, minna.....	4
Heilbrigður vinnustaður er með gott kynjahlutfall .....	6
Ábyrgð fylgir öllu vali.....	7
Fjölpættur rekstur .....	8
Stefnt að 40 prósentu samdrætti í losun .....	10
Pörf fyrir mótun stefnu um friðlýst svæði Íslands.....	12
Mikið liggur við að hamlu gegn mengun .....	16
Brýnt að fækka undanþágum frá reglugerðum .....	18
Brýnt að draga úr neyslu og auka endurnýtingu .....	20
Svanurinn í sókn.....	24
Mikið annríki vegna fjölda ferðamanna.....	26
Umhverfismál í brennidepli.....	28

Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 90/2002 um Umhverfisstofnun, en hlutverk hennar er einnig markað af fjölda annarra laga. Hlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

# MINNA, MINNA, MINNA



Það er nánast sama hvar borið er niður. Á okkur dynja skilaboð frá morgni til kvölds úr neytlusamfélaginu þar sem við erum hvött til að kaupa meira og kaupa nýrra. En nú stöndum við á krossgötum. Sá sem áður naut virðingar fyrir að hafa komið ár sinni þannig efnalega fyrir borð að hann gæti keypt sér stærra, stærra, stærra – meira, meira, meira, nýrra, nýrra, nýrra, er ekki lengur mesti töffarinn. Í stað meira, meira, meira er tímabært að spyrja: Hvað með minna, minna, minna? Hvað með að snúa dæminu við? Leynist í nýrri hugsun og nýjum viðmiðum vísir að nýjum svörum við áleitnum umhverfisspurningum?

## SÓUN SAMTÍMANS

Innkaup mætti minnka verulega, jafnvel þótt neysla héldist óbreytt. Magn heimilisúrgangs á hvern íbúa héraendis hefur aukist jafnt og þétt frá efnahagshruninu árið 2008 og er nú með því mesta sem þekktist í Evrópu. Umhverfisstofnun vinnur markvisst gegn sóun. Eitt meginverkefni okkar er að huga að nýtni og forðast einnota lífsstíl. Undanfarið hefur áherslan beint að því að hamlar gegn matarsóun. Á yfirstandandi ári verður sjónum beint í auknum mæli að burðarplastpokum, einnota plasthlutum og hvernig við getum stuðlað að hringrænna hagkerfi.

## AÐ VINNA TIL EINSKIS

Við vinnum langa vinnudaga og höfum töluvert fyrir því að afla tekna fyrir heimilin. Við kysum flest að verja meiri tíma með fjölskyldunni. Ein leið til að þurfa ekki að vinna eins langa vinnudaga og raun ber vitni, er að verja fé okkar af meiri kostgæfni en ella, huga að morgundeginum en ekki bara

deginum í dag. Þegar við ráðstöfum peningum okkar í innkaup á matvælum er mikilvægt að tryggja að við séum ekki að henda þeim peningum sem fara í vörur sem við neytum ekki. Hvað þá að kaupa vörur sem gera okkur skaða í stað þess að styrkja heilsuna. Ef við sóum fénu okkar í neyslu sem skilur ekki neitt uppbyggilegt eftir sig má segja að við séum bæði að henda vinnutíma okkar og peningum í ruslið. Það tekur tíma að vinna fyrir peningum, kaupa matvörur, elda matinn. Rannsóknir sýna að 30% af keyptum mat hér á landi fara forgörðum. Það er ekki bara siðferðislega ótækt heldur stríðir það með beinum hætti gegn loftslagsmarkmiðum.

## ÓLÍK SKYLDA OG ÁBYRGÐ

Hnattræn hlýnun er eitt almikilvægasta mál samtímans. Neysla talar beint inn í loftslagsmálin en aðstæður, tækifæri og skyldur okkar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eru mjög ólíkar. Iðnfyrirtæki falla undir ákveðið kerfi sem leggur skyldur á þau að draga samtals 43% úr losun fyrir árið 2030 miðað við árið 2005. Ísland á í samningaviðræðum við ESB um hvernig Ísland ásamt Noregi og ESB uppfyllir skyldur sínar gagnvart Parísarsáttmálanum. Hlutur skuldbindingar á þeirri losun Íslands sem fellur ekki undir viðskiptakerfið liggur enn ekki fyrir, en líkur eru á að samdrátturinn verði 35-40% miðað við losun ársins 2005. Við þessu þarf að bregðast og það hratt. Við þurfum að efla okkur í umræðu, framkvæmd og ábyrgð gagnvart loftslagsmálum. Vera óhrædd að setja á dagskrá þær aðgerðir sem þarf til að draga úr losun og standa við skuldbindingar. Okkur ber skylda til þess gagnvart komandi kynslóðum. Þótt tækifæri felist í bindingu

í skógrækt og landgræðslu er ljóst að draga þarf úr losun. Möguleikarnir eru margir og felast meðal annars í orkuskiptum í samgöngum. Þar viljum við sjá stórfelldar breytingar og að ríkið sé fyrirmynd. Höfum við m.a. lagt til að 90% bifreiða sem ríkið kaupir séu vistvænar en að hægt verði að fá undanþágu ef ekki er hægt að fá vistvæna bifreið fyrir þá notkun sem henni er ætluð. Huga þarf einnig að breyttum búskaparháttum, draga úr eða hætta notkun HFC efna sem notuð eru í kælikerfi og svo þurfum við að sjálfsgöðu að draga úr neyslu og gera hana loftslagsvænni.

## ÁSKORUN AUGNABLIKSINS

Að óbreyttu stefnir í að það verði töluverð áskorun fyrir Ísland að standa við skuldbindingar Parísarsamningsins. Fjölgun ferðamanna er eitt af því sem hefur aukið losun gróðurhúsalofttegunda frá landinu. Hin mikla aukning í komum ferðamanna hingað til lands felur ekki aðeins í sér áskoranir sem varða aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda með aukinni umferð á flugvöllum, götum og vegum landsins. Álag á friðlýst svæði hefur einnig aukist eins og gefur að skilja þar sem fjöldi gesta á viðkvæmum svæðum hefur margfaldast á skömmum tíma.

Aukið fjármagn hefur fengist í uppbyggingu innviða en enn skortir á að fleiri starfsmenn gæti náttúru landsins. Óhjákvæmilegt er að bæta landvörslu með því að fjölga stöðugildum. Landverðir geta geta bætt upp skort á innviðum. Þeir stýra umferð, auka öryggi, geta bjargað mannlífum með ábyrgri upplýsingagjöf. Nærvera landvarða er nauðsynleg til að tryggja að reglum á viðkvæmum svæðum sé framfylgt. Mikilvægt er jafnframt að taka ákvarðanir hvernig við stýrum



umferð á ferðamannastöðum. Það þurfa að vera skýrar reglur um aðgengi ferðapjónustuaðila inn á land í einkaeigu, heimildir til gjaldtöku og hverjir eigi að hafa heimild til þess að nýta þá auðlind sem náttúra landsins er. Tafir á að slíkar reglur verði settar geta leitt til tjóns bæði fyrir náttúruna og ferðapjónustuna, við viljum sjá sjálfbæra ferðapjónustu með náttúruvernd í fyrirrúmi.

### **NÝJAR LEIÐIR**

Umhverfisstofnun hefur ásamt þjóðgörðunum sótt um fjármagn til Orkusjóðs til að byggja upp hleðslustöðvar á ferðamannastöðum sem flestir njóta friðlýsingar. Okkar framtíðarsýn er að ferðamenn sem koma hingað geti tekið rútu sem gengur fyrir rafmagni eða leigt sér rafmagnsbíla. Brýnt er að bregðast við strax, bjóða fólki upp á fleiri og umhverfisvænni valkosti. Hugmyndafræðin er að ferðamenn geti hlaðið sína rafmagnsbíla á friðlýstum svæðum og dregið þannig úr losun frá samgöngum á ódýran hátt. Við viljum að Ísland verði grænn og loftslagsvænn áfangastaður.

### **HREINT OG GOTT VATN**

Við höfum fengið fjármagn til að hefja vinnu á ný við innleiðingu vatnalaga og liggur mikið undir. Vatn er ein dýrmætasta auðlind okkar og við eigum mikið af henni. En auðlindina þarf að fara vel með. Við þurfum að hafa næga vitneskju til að tryggja að henni verði viðhaldið til framtíðar. Við vitum að við stöndum ekki nægilega vel varðandi skólp-mál. Ljóst er að við eigum nokkuð í land til að ná þeim árangri sem að er stefnt. Í dag bera sveitarfélög ábyrgð á uppbyggingu skólaveitna fyrir þéttbýli. Í fámennari sveitarfélögum getur þessi skylda orðið mikil byrði sem þau rísa illa undir. Gera þarf raunhæfar langtímaáætlanir sem gera bæði ráð fyrir uppbyggingu á þessum innviðum og einnig rekstri á þeim til framtíðar. Setjum okkur það markmið að hneykslismál vegna lélegrar skólmeðhöndlunar heyrir sögunni til.

### **RÍKIÐ ÞARF AÐ VERA FYRIRMYND**

Ríkið og stofnanir þess verða að vera fyrirmynd í sínum rekstri. Græn skref í ríkisrekstri er verkefni á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem Umhverfisstofnun fer með umsjón með. Markmið verkefnisins er að draga úr umhverfisáhrifum vegna opinbers reksturs og auka þekkingu starfsfólks á umhverfismálum. Alls er nú 41 ríkisstofnun komin

í verkefnið auk fjögurra ráðuneyta með yfir 100 starfsstöðvum og hefur náðst frábær árangur. Ávinningur verkefnisins er mikill fyrir innra starf hlutaðeigandi, auk þess að auka starfsánægju, en ávinningurinn er einnig bæði fjárhagslegur og umhverfislegur. Við viljum fá allar stofnanir og ráðuneyti með okkur í lið.

### **GRÆNIR SKATTAR**

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún ætli sér að koma á samræmdu kerfi grænna skatta sem feli í sér eðlilegar álögur á mengandi starfsemi og skapi hvata til samdráttar í losun auk annarra mótvægisáðgerða. Umhverfisstofnun vill að skattkerfið yti undir þær kerfisbreytingar sem verða að teljast nauðsynlegar svo hægt sé að stýra hegðun og forgangsráða fjármunum inn í grænna hagkerfi. Við vitum að bæði neikvæðir og jákvæðir hagræni hvatar eru gríðarlega sterkt stjórnþæki til að breyta hegðun fólks og fyrirtækja. Við þurfum að nýta okkur þetta mikilvæga stjórnþæki til að tryggja okkur grænna hagkerfi og loftslagsvænni framtíð fyrir komandi kynslóðir.



## HEILBRIGÐUR VINNUSTAÐUR ER MEÐ GOTT KYNJAHLUTFALL

Starfsmannastefna Umhverfisstofnunar fjallar í hnotskurn um að stofnunin vilji hafa á að skipa frábæru starfsfólki sem er ánægt og líður vel í vinnunni. Árangursvísar eru ákveðinn mælikvarði um hvernig settum markmiðum er náð. Heilbrigður vinnustaður hefur á að skipa bæði körlum og konum í sem jöfnustu hlutfalli. Óhætt að fullyrða að stofnunin stendur vel varðandi hlutfall kynja þó það sé ekki hnifjafnt. Í lok árs voru 44% starfsmanna karlar og 56% konur.

Árlega eru framkvæmdar þrjár vinnustaðagreiningar hjá stofnuninni. Mánaðarlegar árangursmælingar eru framkvæmdar, stuttar kannanir sem taka púlsinn hratt og vel með ágætis skilaboðum til stjórnenda. Teymiskönnun er framkvæmd einu sinni á ári, innahússkönnun sem tekur til hvers teymis fyrir sig. Sú þriðja, starfsánægjukönnunin Stofnun ársins, er framkvæmd meðal allra ríkisstofnana. Árangursvísir hefur verið settur um þá könnun með það að markmiði að stofnunin sé fyrir ofan heildarmeðaltal meðal stærri stofnana. Undanfarin tvö ár hefur markmiðið náðst. Árið 2016 skaust stofnunin

upp um 20 sæti, fór í 12. sæti af 76 meðal stærri stofnana. Starfsmannavelta hefur þó verið heldur há undanfarin ár. Á árinu 2016 náði hún góðu jafnvægi og var 7%.

### MARKVISS STARFSMANNASAMTÖL



Líkt og hjá flestum stofnunum eru framkvæmd árviss starfsmannasamtöl hjá Umhverfisstofnun. Stofnunin hefur sett sér markmið um að 90% samtala klárast fyrir 1. maí ár hvert. Litlu mátti muna að það markmið næðist á árinu en 87% samtala var lokið þá. Markmiðið hefur verið hvetjandi fyrir stjórnendur og skapað þannig menningu að þess er gætt að réttur starfsmanns til samtals er virtur og starfsmenn eru boðaðir í viðtöl á svipuðu tímabili. Í árangursvísi er jafnframt birt hvernig hver yfirmaður stendur 1. maí m.t.t. lokinna starfsmannasamtala.

Hlutfall veikinda getur verið mismunandi hjá ekki stærri stofnun á milli ára og geta langtímevikindi haft mikil áhrif. Markmið stofnunarinnar er að veikindi verði ekki meiri en

3,84%. Á árinu 2016 voru veikindi 3,34% á árinu og náðist markmiðið þar með.

Á árinu var unnið að nokkrum umbóta- og ársáætlunarverkefnum í mannauðsmálum. Gátlistar voru gerðir um samræmi í fatnaði í eftirliti og við landvörslu svo og um staðalþunað á skrifstofur. Frammistöðumat fyrir starfsfólk á reynslutíma var klárað og starfsmannasamtöl endurskoðuð eins og vant er m.v. áherslur hvers árs. Boðið var upp á ýmiss konar innahússfræðslu og er öll sú fræðsla send út í gegnum vefinn þannig að allir starfsmenn, óháð því hvar á landinu þeir eru, geti tekið þátt. Innahússfræðslan endaði með núvitundarnámskeiði (e. mindfulness) í desember, reyndar eingöngu á Suðurlandsbrautinni. Námskeiðið mæltist vel fyrir og verður skoðað hvort unnt verði að bjóða upp á slíkt námskeið þar sem starfsmenn á landsbyggðinni geti tekið þátt líka.

Töluverð vinna fór í endurskoðun á stofnanasamningum með kjarafélögum og náðist að ljúka samningi við BHM – félögin, önnur en FÍN.








Gæðastjóri  
**Ástríður E. Jónsdóttir**

# ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLU VALI

Sú breyting var gerð hjá Umhverfisstofnun á árinu 2016 að ráðist var í að draga úr notkun á rafmagni og heitu vatni. Þetta eru umhverfisþættir sem áður hefur eingöngu verið fylgst með án þess að gripið hafi verið til aðgerða. Nú slekkur starfsfólk ljósín á salernum eftir notkun og er hvatt til að slökkva ljós og nota dagsbirtu. Skrífað er jafnframt fyrir alla ofna á vorin. Niðurstöður sýna að þrátt fyrir að markmiði um 10% samdrátt milli ára hafi ekki verið náð þá er hægt að ná árangri með mjög einföldum aðgerðum sem þessum. Til dæmis náðist 25% samdráttur á þriðju hæðinni í notkun á rafmagni. Haldið verður áfram á þessari braut sem auðveldar möguleika stofnunarinnar að nýta rafmagnið í annað. Kjörið væri að hvetja og styðja við vistvænar samgöngur og bjóða starfsfólki að hlaða bílana sína fyrir rafmagnið sem sparast.

Mjög góður árangur náðist í að draga úr prentun, en pappírnotkun minnkaði um 29,5% á árinu. Ásamt fræðslu til starfsfólks hefur prentlausnin, sem krefur starfsfólk um að staðfesta útprentun við prentara, skilað sér í minnkandi pappírnotkun.


Vel upplýstir neytendur velja ávallt „grænni“ valkost. Við hjá Umhverfisstofnun




Á starfsmannsalernum Umhverfisstofnunar eru skilaboðin skýr.

viljum hafa jákvæð áhrif á umhverfið og veljum umhverfismerkt: í innkaupum, í vali á farkostum, á ferðalagi við val á gistingu og veitingastöðum, við viðhald bygginga og þegar halda á ráðstefnur, ársátíðir eða fundi. Einnig höfum við lagt okkur

fram við að skipta við prentþjónustur sem eru umhverfismerktar. Lærdómur ársins 2016 er að val á umhverfismerktri prentþjónustu tryggir ekki að prentverkið sé umhverfismerkt. Verður dreginn af því lærdómur og honum miðlað út fyrir stofnunina.



■ Hlutfall umhverfismerktrar prentþjónustu, %



■ Skrifstofupappír og annar pappír kg/støðugildi



# FJÖLÞÆTTUR REKSTUR

Árið 2016 námu heildargjöld Umhverfisstofnunar 1.562,1 m.kr. og heildartekjur 573,8 m.kr. Framlag ríkissjóðs nam 1.034,2 m.kr. og því varð 45,9 m.kr. afgangur frá rekstri það ár. Fjárveitingar Umhverfisstofnunar skiptast í þrjú hluta, þ.e. almennan rekstur, endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna veiða á ref og mink og framkvæmdir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðlýstum svæðum víðs vegar um landið. Gerð er nánari grein fyrir hverjum og einum þessara hluta hér að neðan.

## ALMENNUR REKSTUR

Framlag ríkisins til almenns reksturs Umhverfisstofnunar árið 2016 nam 949,3 m.kr. en það var 761,4 m.kr. árið 2015 og 746,6 m.kr. árið 2014.

Gjöld við almennan rekstur Umhverfisstofnunar námu 1.275,2 m.kr. árið 2016. Til samanburðar má geta þess að þau námu 1.079 m.kr. árið 2015 og 1.031 m.kr. árið 2014. Mynd 1 sýnir hvernig gjöld vegna almenns reksturs skiptust milli fagteyma stofnunarinnar árið 2016.

Undir miðlægum rekstri er ýmis innri starfsemi, s.s. rekstarteymi sem annast m.a. bókhald, símvörslu og innkaup. Þar undir fellur einnig húsnæði í Reykjavík og á Akureyri, bifreiðar, mótuneyti og yfirstjórn. Gagnateymi veitir þjónustu vegna upplýsingatækni og aðstoðar við að innleiða nýja tækni innan stofnunarinnar. Upplýsingateymi annast heimasíðu og samfélagsmiðla stofnunarinnar, auk kynningar- og útgáfumála. Þessi starfsemi tilheyrir öll sviði þjónustu.

Neytendateymi, efnateymi og veiði- og verndarteymi tilheyra sviði sjálfbærni. Neytendateymi vinnur að verkefnum sem stuðla að grænna samfélagi og aukinni vitund almennings um umhverfismál. Efnateymi vinnur að því að skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og heilsu manna. Veiði- og verndarteymi vinnur að því að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna með stýringu á veiðum og nýtingu, auk þess að standa fyrir skotvopna- og veiði-kortanámskeiðum um allt land.

Loftmengunarteymi, haf- og vatnsteymi og náttúrusvæðateymi tilheyra sviði náttúru. Loftmengunarteymi stuðlar að því að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda og að almenningur og stjórnvöld séu upplýst um stöðu og horfur í loftslags- og loftgæðamálum, auk þess að fylgjast með losun loftmengunarefna. Haf- og vatnsteymi vinnur að því að dregið sé úr mengun hafs og stranda frá starfsemi á sjó og að brugðist sé rétt við bráðamengun, auk þess að viðhalda og bæta vatnsgæði, m.a. með bættri fráveitu. Náttúrusvæðateymi vinnur að því að tryggja verndargildi friðlýstra svæða til framtíðar, t.d. með landvörslu, fræðslu og bættum innviðum.

Umsagna- og leyfisteymi, friðlýsingateymi og eftirlitsteymi tilheyra sviði samþættingar. Umsagna- og leyfisteymi vinnur leyfi fyrir mengandi starfsemi og leyfi á friðlýstum svæðum, ásamt samþættingu umhverfissjónarmiða við áætlanir stjórnvalda og álitsgjöf um mat á umhverfisáhrifum. Friðlýsingateymi annast undirbúning friðlýsinga og vinnur verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir friðlýst svæði. Eftirlitsteymi annast eftirlit með mengandi starfsemi og samræmingu verkefna sem tengjast samningnum um Evrópska efnahagssvæðið

Tekjur af almennum rekstri

Umhverfisstofnunar námu 418,9 m.kr. árið 2016. Mynd 2 sýnir skiptingu helstu tekjuliða árið 2016.

Tekjustofnar vegna hreindýraveiðileyfa og veiðikorta falla báðir undir veiði- og verndarteymi (sjá mynd 1). Þetta eru að stærstum hluta svokallaðar gegnumstreymistekjur, þ.e. þær renna í sjóði í umsýslu stofnunarinnar og er síðan útteilt þaðan til þriðja aðila.

## TEKJUR AF VEIÐIKORTUM 40.6 MILLJÓNIR


Umhverfis- og auðlindaráðuneyti auglýsir árlega veiðikvóta fyrir hreindýr samkvæmt tillögu Umhverfisstofnunar sem sér um sölu veiðileyfa gegn gjaldi sem ráðherra umhverfismála ákveður. Tekjurnar renna í hreindýrasjóð sem er í umsýslu Umhverfisstofnunar. Árið 2016 námu tekjur vegna leyfa til að veiða hreindýr 124,9 m.kr. Þar af voru 96,1 m.kr. greiddar í arð til landeigenda og 12,8 m.kr. til Náttúrustofu Austurlands sem vaktar hrein-dýraveiðar. Sjóðurinn stendur einnig undir kostnaði Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs við eftirlit og stjórn hreindýraveiða.

Samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum verða allir sem stunda veiðar á þeim að hafa veiðikort.


## MYND 4 FRAMKVÆMDIR Í ÞJÓÐG. SNÆFELLSJÖKLI OG Á FRIÐLÝSTUM SVÆÐUM Í M.KR.

	2013	2014	2015	2016
Norðurland eystra	6,4	23,6	54	48,5
Vestfirðir - norður og Norðurland vestra	2,6	2,9	0,8	0,8
Vestfirðir - suður	5,5	5,2	14,2	11,9
Vesturland	22,8	69,4	79,2	91,2
Höfuðborgarsvæðið	1,9	10,3	7,5	0
Suðurland og miðhálandið	41,7	27,8	73,9	109,9
Austurland	0,2	4,9	20,6	3,7
Verkefni sem nýtast landinu öllu	7,4	5,3	4,5	6,1
<b>Samtals</b>	<b>88,5</b>	<b>149,4</b>	<b>254,7</b>	<b>272,1</b>





Mynd 1 Almenn rekstrargjöld - skipting milli fagteyma stofnunarinnar árið 2016.



Mynd 2 Tekjur af almennum rekstri.

Umhverfisstofnun annast útgáfu veiðikorta gegn gjaldi. Gjaldið rennur í veiðikortasjóð sem er í umsýslu Umhverfisstofnunar. Ráðherra umhverfismála úthlutar úr sjóðnum til rannsókna, vöktunar og stýringar á villtum dýrastofnum, auk þess sem hann stendur undir kostnaði Umhverfisstofnunar við útgáfu kortanna. Tekjur af veiðikortum árið 2016 námu 40,6 m.kr., þar af er áætlað að framangreindir styrkir umhverfis- og auðlindaráðherra nemi 24,4 m.kr.

### ENDURGREIÐSLUR TIL SVEITARFÉLAGA


Umhverfis- og auðlindaráðherra ákveður árlega taxa fyrir laun minkaveiðimanna en sveitarfélög greiða þeim fyrir veiðarnar. Sveitarfélögin senda Umhverfisstofnun skýrslu um veiðarnar, ásamt reikningum sem stofnunin endurgreiðir þeim í samræmi við taxa ráðherra. Úthlutun til sveitarfélaga vegna refaveiða er í samræmi við þriggja ára áætlun þar að lútandi. Árið 2016 námu endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refaveiða 28 m.kr. og vegna minkaveiða 13,5 m.kr.

Mynd 3 sýnir endurgreiðslur til sveitarfélaga fyrir ref og mink árin 2013 til 2016 í m.kr.

Umhverfisstofnun annast framkvæmdir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðlýstum svæðum víðs vegar um landið. Markmiðið með þeim er að bæta innviði fyrir ferðamenn og verja náttúru landsins gegn ágangi. Mynd 4 sýnir hvernig fjármagn til framkvæmda skiptust milli


landshluta árin 2013 til 2016. Árið 2016 voru mestu framkvæmdirnar við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, Mývatn, Dyrhólaey, Gullfoss og Geysi og Friðland að Fjallabaki

Mynd 5 sýnir þróun í framkvæmdum Umhverfisstofnunar í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðlýstum svæðum árin 2013 til 2016 og hversu stór hluti þeirra er fjármagnaður af fjárveitingum til Umhverfisstofnunar í fjárlögum. Fjárhæðir eru í m.kr. Mismunur á heildarframkvæmdum hvers árs og fjárveitingu til Umhverfisstofnunar í fjárlögum



Mynd 3 endurgreiðslur til sveitarfélaga fyrir ref og mink árin 2013 til 2016 í m.kr.

er fjármagnaður með styrkjum, einkum frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Eins og myndin sýnir hafa umsvif stofnunarinnar við uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn stóraukist síðustu ár. Verkin eru að langmestu leyti unnin af verktökum og Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með þeim stærstu. Stærri verk eru boðin út og tilboða leitað í smærri verk í samræmi við lög um opinber innkaup.



Mynd 5 Þróun í framkvæmdum Umhverfisstofnunar í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðlýstum svæðum árin 2013 til 2016

# STEFNT AÐ 40 PRÓSENTA SAMDRÆTTI Í LOSUN

Stærsta áskorunin í loftslagsmálum er að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Ísland tekur þátt í alþjóðasamstarfi og er m.a. aðili að alþjóðlegum samningum IPCC (m.a. Kyoto og Parísarsamningurinn) sem miða að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS) sem hefur það að meginmarkmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), með takmörkunum á heildarlosun þeirra og viðskiptum með losunarheimildir á markaði.

Á vormánuðum 2016 lauk uppgjörsferli fyrsta viðskiptatímabils Kýótóbókunarinnar fyrir árin 2008-2012 en Umhverfisstofnun sá um uppgjörið fyrir hönd Íslands. Ísland stóð við skuldbindingar sínar á tímabilinu. Nú stendur yfir seinna bókunartímabil Kyoto þar sem Ísland er ásamt ESB og 28 ríkjum með sameiginlegt markmið um 20% samdrátt í nettólosun gróðurhúsalofttegunda frá árinu 1990.

Ísland hefur fullgilt Parísarsamninginn sem tekur við af öðru tímabili Kyoto og gildir frá 2021 til 2030. Þar er stefnt að 40% samdrætti í nettólosun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030 miðað við 1990, í samstarfi við aðildarríki ESB og Noreg. Til að ná markmiðum um 40% samdrátt í heildarlosun frá 1990 innan Evrópusambandsins, er stefnt að 30% samdrætti frá 2005 í losun sem fellur utan ETS og með 43% samdrætti í losun sem fellur undir ETS. Endanlegar skuldbindingar Íslands ákvarðast

af samningi þessara þriggja aðila en vænta má að skuldbindingar Íslands verði um samdrátt nettólosunar á bilinu 35-40% frá árinu 2005 frá uppsprettum sem falla ekki undir ETS.

## STÓR VERKEFNI FRAM UNÐAN

Umhverfisstofnun fer með umsýslu vegna ETS á Íslandi. Í febrúar 2016 úthlutaði Umhverfisstofnun alls 1.580.129 losunarheimildum til fimm rekstraraðila í iðnaði og tveggja flugrekenda þar sem heildarlosun var 2.359.733 tonn CO<sub>2</sub> ígildi miðað við þrengra gildissvið.

Á allsherjarþingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) í fyrra, var samþykkt innleiðing á alþjóðlegu kerfi um losunarheimildir í flugi, CORSIA, sem ætlað er að draga úr losun frá alþjóðaflugsamgöngum og tekið verður í notkun árið 2021.

Stór verkefni eru framundan í loftslags- og loftgæðamálum hjá Umhverfisstofnun. Seinasta ár var áhersla á samræmingu verkferla innan allra landa ETS kerfisins, úrbætur á losunarbókhalda auk þess sem samningur var gerður um kaup á nýju loftgæðastjórnunarkerfi. Að auki var lögð áhersla á skilvirkari miðlun upplýsinga á heimasíðu Umhverfisstofnunar um loftslagsbreytingar, framkvæmd ETS, og losun mengunarefna.

## NETTÓLOSUN GÆTI SPRENGT KVÓTANN

Umhverfisstofnun fylgist árlega með þróun í losun gróðurhúsalofttegunda og annarra mengunarefna á Íslandi og skilar inn gögnum vegna þeirra alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Mynd 1 sýnir þróun í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá árinu 1990 og var losunin metin sem rúmlega 4.500 kt. CO<sub>2</sub>-ígilda árið 2015 en rúmlega 3.500 kt. CO<sub>2</sub>-ígilda fyrir árið 1990 en sú losun er án landnotkunar og annarra flokka sem falla utan gildissviðs loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, IPCC. Heildarukning losunar er um 28%. Óverulegar breytingar hafa verið á allra seinustu árum en smávægilegrar hækkunar gættir frá árinu.




Á mynd 2 sést að 40% heildarlosunar Íslands fellur undir ETS. Ef losunin sem fellur utan ETS er skoðuð, má sjá samdrátt í losun upp á um 7% frá árinu 2005 Viðbúíð er að nettólosun Íslands yfir seinna tímabil Kyoto geti farið umfram úthlutaðan kvóta, fari svo þarf Ísland að kaupa losunarheimildir annarra þjóða ESB til að standa við skuldbindingar til 2020.

Margvíslegar lausnir eru til samdráttar á losun og stendur Ísland nú frammi fyrir því að meta þá kosti sem skila mestum umhverfis-, samfélags- og efnahagslegum ávinningi til lengri tíma. Mynd 3 sýnir skiptingu losunar til Kýótóbókunarinnar (án ETS), í orku, iðnaðarferla og efnanotkun, landbúnað og úrgang. Brennsla á jarðefnaeldsneyti vegur þyngst í þeirri losun sem gefin er upp og samsvarar um 60% af tæplega 3000 kt CO<sub>2</sub>-ígildum.

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁLS- HRADI
Yfirferð skýrslna vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá staðbundnum starfsstöðvum í iðnaði	9	9	9	9	10	10	11	Loftmengun	60
Afgreiðsla umsókna um losunarleyfi vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði	5	5	2	1	2	2	1	Loftmengun	-
Yfirferð vöktunaráætlanna vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði	5	4	4	4	3	1	1	Loftmengun	-
Afgreiðsla umsókna um losunarheimildir vegna flugs	0	0	2	2	0	1	0	Loftmengun	-
Yfirferð vöktunaráætlanna vegna flugs	1	2	0	0	0	1	0	Loftmengun	-
Yfirferð losunarskýrslna vegna flugs	0	0	8	6	4	5	5	Loftmengun	-
Útreikningur og/eða úhlutun losunarheimilda	5	10	13	11	10	10	10	Loftmengun	-
Stofnun reikninga í skráningarkerfi	5	4	2	2	1	3	2	Loftmengun	-






**Mynd 1** Heildarlosun GH/L (kt. CO<sub>2</sub>-ígildi) á Íslandi 1990-2015, án landnotkunar. Undir orkuflokk fellur meðal annars losun frá vegasamgöngum, fiskiskipum, jarðvarmavirkjunum og vélum og tækjum.


Tækifæri Íslands til samdráttar í losun, felast að miklu leyti í að draga úr brennslu á jarðefnaeldsneyti t.d. vegasamgöngum, fiskiskipum, vélum og tækjum ásamt losun frá jarðvarmavirkjunum.

## ÁHRIF FLEIRI DÍSELBÍLA



Á meðfylgjandi línuritum má sjá þróun loftmengunar á mælistöðinni við Grensásveg. Tveir ráðandi þættir hafa áhrif á styrk loftmengunarefna, annars vegar magn þeirra efna sem losna og hins vegar veðurfar. Ef skoðuð er þróun kolmónoxíðs (CO) og niturdíoxíðs (NO<sub>2</sub>) hefur styrkur verið að stefna niður á við frá 1994. Þessa þróun má að mestu rekja til þess að hlutfall bíla með hvarfakúta hefur verið að aukast. Frá árinu 2009 virðist sem styrkur NO<sub>2</sub> fari hækkandi eftir að hafa verið á niðurleið frá árinu 1995. Sú spurning vaknar hvort rekja megi það til aukins hlutfalls díselbíla en þeir losa mun meira NO<sub>2</sub> en bensínbílar.



**Mynd 2** Losun GH/L á Íslandi 2005-2015 sem gefin er upp til Kyoto-bókunarinnar, skipt eftir því hvort hún falli undir viðskiptakerfi ESB eða ekki (án flugs og landnotkunar).



**Mynd 3** Skipting losunar Íslands (GH/L kt. CO<sub>2</sub>-íg.) sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB (án flugs og landnotkunar). Undir orkuflokk fellur meðal annars losun frá vegasamgöngum, fiskiskipum, jarðvarmavirkjunum og vélum og tækjum.



# ÞÖRF FYRIR MÓTUN STEFNU UM FRIDLÝST SVÆÐI ÍSLANDS

Umhverfisstofnun hefur meðal annars það hlutverk að vinna að gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Er markmiðið með þeim að setja fram stefnumótun fyrir hvert friðlýst svæði sem er í umsjón stofnunarinnar. Þörfin fyrir stefnumótun á friðlýstum svæðum er mikil þar sem álag á viðkvæmar náttúruminjar er margþætt. Með hnitmiðaðari stefnumótun, sem tekur mið af verndargildi og þörf á aðgerðum hvers svæðis fyrir sig, er hægt að stuðla að markvissari verndun svæðanna. Forgangsröðun vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlana var uppfærð árið 2016 og Handbók um stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar endurútfærin þar sem meðal annars er að finna verkferla fyrir gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Þannig var lagður mikilvægur grunnur að vinnu við gerð áætlana. Fjórar stjórnunar- og verndaráætlanir voru auglýstar til kynningar árið 2016. Lokið var við gerð tveggja stjórnunar- og verndaráætlana á árinu, þ.e. fyrir friðlandið Gullfoss og náttúruvættið Steðja.

## EINSTÖK SVÆÐI Í HÚFI

Unnið er að friðlýsingu svæða á Íslandi með það að markmiði að varðveita þau svæði sem þykja einstök og hafa mikið verndargildi. Með friðlýsingu felast ýmis tækifæri þar sem skilmálar friðlýsingar geta stuðlað að bæði vernd og nýtingu á svæðinu. Árið 2016 var eitt svæði friðlýst en það er Glerárdalur ofan Akureyrar. Glerárdalur var friðlýstur sem fólkvangur og með friðlýsingu var skerpt á gildi svæðisins sem útivistarsvæði í grennd við byggð. Árið 2016 var einnig unnið að undirbúningi að friðlýsingu Kerlingarfjalla, Geysis, Látrabjargs og Hóla í Öxnadal. Þá var jafnframt unnið að undirbúningi að endurskoðun tveggja friðlýsinga, Flateyjar og Dynjanda, með það að markmiði að festa í sessi verndun svæðanna.

## TILLÖGUM UM FRIDLÝSINGAR FJÖLGAR

Þegar svæði er friðlýst eru tekin fyrstu skrefin í því langtíma verkefni sem verndun svæða er. Fjölmargar ástæður geta legið til grundvallar því



að verndargildi svæða er metið þannig að ástæða sé til friðlýsingar, en við undirbúning að gerð áætlunar um friðlýsingar er gerð ítarleg greining á verndargildi svæða. Á meðan unnið er að gerð framkvæmdaáætlunar náttúruminjaskrár hefur nýjum tillögum að friðlýsingu verði beint til ráðgjafanefndar náttúruminjaskrár og fyrirséð er að undirbúningur að friðlýsingu samkvæmt B-hluta hennar hefjist þegar náttúruminjaskrá liggur fyrir. Umhverfisstofnun merkir aukinn áhuga sveitarfélaga og almennings á nýjum friðlýsingum.

Friðlýst svæði voru 114 árið 2016 og samanlagt flatarmál þeirra 20.857,7 ferkílómetrar. Ein friðlýsing var undirrituð á árinu 2016. Þann 6. júní 2016 var Glerárdalur friðlýstur sem fólkvangur. Glerárdalur er um 16 km langur dalur sem liggur suðvestur frá Akureyri. Dalurinn er mótaður af jöklum og veldur nálægð dalsins við forna megineldstöð því að berggerðir eru fjölbreyttar. Þá finnast surtarbrandur og kísilrunninn trjáviður í dalnum. Gróðurfar í Glerárdal er nokkuð fjölbreytt,

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Friðlýsingar	1	3	2	0	4	1	3	Friðlýsingar	-
Ársfundur náttúruverndarnefnda	1	1	1	1	1	1	1	Friðlýsingar	-
Skýrsla um friðlýsingar	1	1	1	1	1	1	1	Friðlýsingar	-
Verndar- og stjórnunaráætlanir	8	5	7	5	10	3	11	Friðlýsingar	-
Landvarðanámsskeið (hvert námskeið 110 klst.)	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fjöldi sjálfbóðaliðavikna	400	412	400	406	400	351	360	Náttúrusvæða	-
Viðbrögð við brotum vegna aksturs utan vega	10	27	20		25	20	25	Náttúrusvæða	-
Ástandsskýrsla friðlýstra svæða	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fræðslu- og upplýsingaskilti á friðlýstum svæðum	12	9	11	10	9	6	7	Náttúrusvæða	-
Útgefnið bæklingar	0	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fjöldi landvörsluvikna	139	203	149	228	206	256,5	362	Náttúrusvæða	-
Ástandsskýrsla - rauði listinn	1	1	1	1	1	0	1	Náttúrusvæða	-
Fjöldi eftirlitsferða vegna leyfa á friðlýstum svæðum		26	36	38	45	48	45	Náttúrusvæða	-
Fjöldi afgreiðslu leyfisumsókna á friðlýstum svæðum		53	60	61	70	68	70	Náttúrusvæða	-
Skráningu refa- og minkareikninga frá sveitarfélögum (fjöldi hreppa)	70	48	60	51	60	47	60	Veiði- og verndar	60
Tímabundin lokun svæða	-	-	-	-	-	-	5	Umsagna- og leyfisteymi	-
Leyfi til utanvegaaksturs	-	-	-	-	-	-	10	Umsagna- og leyfisteymi	-
Takmörkun eða lokun svæða í óbyggðum	-	-	-	-	-	-	5	Umsagna- og leyfisteymi	-
Ákvörðun um ólögættar hindranir	-	-	-	-	-	-	5	Umsagna- og leyfisteymi	-
Samþykkt vegaskrár	-	-	-	-	-	-	10	Umsagna- og leyfisteymi	-
Umsagnir vegna framkvæmda sem hafa áhrif á friðlýst svæði	-	-	-	-	-	-	10	Umsagna- og leyfisteymi	-
Áskorun að láta af athöfnum eða athafnaleysi	-	-	-	-	-	-	5	Umsagna- og leyfisteymi	-





bæði hvað varðar tegundir og gróðurlendi, en mólendi og votlendi setja svip sinn á dalinn. Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og breytileika jarðmyndana. Fólkvangurinn er 7.440 hektarar að stærð. Á árinu var friðlýsing Búrfells, Búrfellsgjár og eystri hluti Selgjár felld niður. Fjöldi friðlýsta svæða stendur því í stað en flatarmál þeirra hefur stækkað lítillega.

hjá Umhverfisstofnun sem meðal annars fjallar um það verklag sem er viðhaft hjá stofnuninni. Þá var friðlýstum svæðum forgangsraðað til að hægt væri að vinna áætlanir fyrir þau svæði fyrst þar sem þörfin er mest. Í upphafi árs 2016 var gert ráð fyrir að lokið yrði við 10 stjórnunar- og verndaráætlanir. Í lok ársins hafði aðeins verið lokið við gerð tveggja stjórnunar- og verndaráætlana en þess bera að geta að alls var unnið að 14 stjórnunar- og verndaráætlunum á árinu og margar þeirra langt komnar.

## FJÖLDI LANDVARÐAVIKNA OG STÖRF SJÁLFBODALIÐA

Með auknum fjölda ferðamanna og ásókn í að upplifa einstaka náttúru landsins hefur vaxið þörf á auknu eftirliti og umsjón með friðlýstum svæðum. Friðlýst svæði eru, sökum eðlis þeirra, oft vinsælir áningarstaðir ferðamanna. Viða skortir á innviði og er landvarsla oft skjótasta leiðin til að bæta upp skort á innviðum þar sem landverðir upplýsa ferðamenn um hvernig þeim beri að haga sér, stýra ferðum þeirra um svæði og gæta öryggis ferðamanna. Með auknum fjölda ferðamanna árið um kring eykst sömuleiðis nauðsyn þess að

## FJÖLDI STJÓRNUNAR- OG VERNDARÁÆTLANA

Ferlið við undirbúning og gerð stjórnunar- og verndaráætlana er margslungið og margir þættir geta haft áhrif á framgang vinnunnar. Mikið starf hefur verið lagt í að útfæra mikilvæga þætti í tengslum við gerð áætlana, s.s. útfærslu á samráði, þróun á samstarfi við aðrar stofnanir og framsetningu á áætlunum sjálfum. Í því skyni að tryggja vönduð og samræmd vinnubrögð hefur verið gefin út vinnulýsing sem lýsir gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Jafnframt var endurgerð Handbók um stjórnun friðlýstra svæða



Við opnun sýningar um Surtarbrandsgil að Brjánslæk.

viðhalda vörslu lands. Þróun í fjölgun landvarða á vegum Umhverfisstofnunar er í rétta átt en stofnunin hefur einnig lagt á það áherslu að fjölga þurfi fastráðnum starfsmönnum, enda ferðamenn farnir að sækja landið heim allan ársins hring. Umhverfisstofnun bendir þó á að fjölgun vinnuvikna landvarða á vegum stofnunarinnar helst ekki nægjanlega í hendur við fjölgun ferðamanna og þyrfti að bæta verulega í til að fylgja eftir þeirri fjölgun. Aðeins þannig mun okkur takast að tryggja viðeigandi umsjón og eftirlit með friðlýstum svæðum.

### MIKILVÆGI SJÁLFBODALIÐANS

Störf sjálfbodaliða eru mikilvæg. Sjálfbodaliðar í náttúruvernd vinna í flestum tilfellum mikilvæg störf sem að öðrum kosti yrðu líklega ekki unnin. Sjálfbodaliðar vinna við endurheimt landslags, t.d. með því að afmá för vegna ólöglegs aksturs utan vega, uppgræðslu svæða og lagfæringar á náttúrustígum. Sjálfbodaliðar hafa einnig unnið að því að fjarlægja framandi ágengar tegundir af friðlýstum svæðum, þar sem ræktun þeirra er bönnuð. Á árinu 2016 unnu sjálfbodaliðar á vegum Umhverfisstofnunar 1750 dagsverk, 80 verkefni á 29 mismunandi friðlýstum svæðum. Sjálfbodastörfum fer þó fækkandi hjá stofnuninni. Skýrist það að mestu af því að fjármögnuð verkefni eru umfangsmikil og kalla á aðkomu verktaka og stærri tækja.

### MERKINGUM OG SKILTUM VÍÐA ÁBÓTAVANT

Á árinu var tekið saman yfirlit yfir fjölda þeirra fræðslu- og aðkomuskilta sem finna má á friðlýstum svæðum. Tilgangurinn var að draga upp mynd af núverandi ástandi svo bæta megi úr þar sem þörf er ríkust. Á þeim 114 svæðum sem um ræðir má finna 224 skilti alls. Flest þessara skilta eru fræðsluskilti (74) en vegvísar (58) eru einnig víða ásamt leiðbeinandi skiltum (32) sem fela í sér öryggisviðvaranir. Á svæðunum má einnig finna upplýsingaskilti (25) og aðkomuskilti (12). Hluti skilta er af eldri tegund sem ekki fellur undir flokkun í þeirri skiltahandbók sem notast er við í dag (23). Fjöldi skilta á hverju svæði fyrir sig er mjög mismunandi. Á 25 friðlýstum svæðum er ekki að finna neinar merkingar. Í flestum tilfellum er þá um að ræða svæði sem ekki eru fjölsótt eða ekki gert ráð fyrir umferð ferðamanna um svæðið, t.a.m. friðlýstir hellar.

### FRIDLÝST SVÆÐI OG LÚPÍNA

Umhverfisstofnun hefur haft það að markmiði að uppræta lúpínu á friðlýstum svæðum þar sem hún vex, enda hefur lúpína mjög sterkan fræbanka þar sem hún hefur fengið að dafna óáreitt. Þar sem þannig háttar til reynir stofnunin að hefta vöxt hennar og takmarka dreifingu. Þannig fá náttúrulegur gróður og landslagseinkenni friðlýstra svæða að njóta sín sem best. Af 112

friðlýstum svæðum þar sem ástand var kannað voru lúpínulaus svæði 51 talsins eða 46% svæða. Þróunin gefur ekki tilefni til bjartsýni um framhaldið. Leggja þarf í markvisst starf eyðingar á svæðum þar sem hægt er að ráða við umfang lúpíunnar og þar sem svæði eru hvað viðkvæmust fyrir ágengni hennar.

### GESTASTOFA Á MALARRIFI

Þann 29. júní, á 15 ára afmæli Þjóðgarðsins Snæfellsjökulls, var opnuð glæsileg gestastofa á Malarrífi fyrir Þjóðgarðinn. Sýningin var sett upp í nýuppgerðu húsnæði sem áður var gripahús vitavarðar við Malarrífsvita. Í húsnæðinu er nú að finna gestastofu sem áður var staðsett á Hellnum sem og upplýsingamiðstöð fyrir Þjóðgarðinn, vinnu- og fundaraðstöðu, starfsmannaáðstöðu, geymslu og vinnurými auk salerna. Hefur aðstaða fyrir starfsmenn og gesti Þjóðgarðsins batnað til muna með tilkomu nýju aðstöðunnar. Gestastofan er opin stóran hluta ársins en þar eru einnig salerni sem opin eru allan sólahringinn alla daga ársins.

### SKÓFLUSTUNGA TEKIN AÐ NÝRRI ÞJÓÐGARÐSMIÐSTÖÐ

Þann 12. ágúst tók Sigrún Magnúsdóttir, þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra, fyrstu skóflustungu að nýrri Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi. Í kjölfarið setti ráðherra málþing um framtíð Þjóðgarðsins. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður árið 2001 en árið 2006 var efnt til samkeppni um Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi. Hönnun hússins hefur því legið fyrir um alllangt skeið. Nýrri Þjóðgarðsmiðstöð er ætlað að hýsa skrifstofur Þjóðgarðsins, auk þess að hýsa sýningu um Þjóðgarðinn, upplýsingamiðstöð og aðrar tengda þjónustu við ferðamanninn.

### NÝ SÝNING UM SURTABRANDSGIL AÐ BRJÁNSLÆK

Ný sýning um Surtarbrandsgil var opnuð þann 12. ágúst. Surtarbrandsgil er einn merkasti fundarstaður steingervinga á Íslandi. Tilgangur sýningarinnar er að fræða almenning um jarðfræði Surtarbrandsgils, það loftslag sem þar var fyrir 11-12 milljón árum, auk þess sem þar verða til sýnis steingervingar og surtarbrandur. Sýningin er staðsett í gamla prestbústaðnum að Brjánslæk og mun hafa sama opnunartíma og önnur þjónusta í húsinu.




Skóflustunga tekin að nýrri Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi.



**HREINSUN Á FJÖRUM**

Síðastliðið sumar fór fram þriðja fjöruhreinsunin innan friðlandsins á Hornströndum. Náðist að hreinsa rúmlega 5 tonn af úrgangi á 8 km af strandlengjunni í Furufirði. Mestmegnis var um plastefni að ræða. Var úrgangurinn fluttur á brott með aðstoð varðskipsins Týs. Fjörur voru einnig hreinsaðar á Rauðasandi. Var um samstarfsverkefni að ræða milli landeiganda, Umhverfisstofnunar og Vesturbyggðar. Hreinsaðir voru 20 m<sup>3</sup> af úrgangi á um 4 km svæði. Er þetta annað árið sem hreinsun fer fram á svæðinu og hafa nú verið hreinsaðir 8 km. Ráðgert er að þeir 10 km sem eftir eru verði hreinsaðir á næstu árum.

Í Surtsey fór einnig fram fjöruhreinsun. Var tanginn norður af eyjunni hreinsaður með aðstoð sjálfbóðaliða frá Surtseyjarfélaginu og vísindamönnum sem þar dvöldu við rannsóknir á þeim tíma. Björgunarfélag Vestmannaeyja sá um að fjarlægja úrganginn úr eyjunni og færa til förgunar. Umhverfisstofnun vill færa þeim sjálfbóðaliðum sem og samstarfsaðilum sem þátt tóku í fjöruhreinsunum sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag.



**SKRÁNING REFA- OG MINKAVEIÐIREIKNINGA**

Árið 2014 voru endurgreiðslur vegna refaveiða teknar upp að nýju en með breyttu fyrirkomulagi. Tímabundin fjárveiting til 3ja ára var veitt til veiðanna, þó með því markmiði að gera veiðarnar markvissari. Umhverfisstofnun vann að áætlun um framkvæmd refaveiðanna ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga og lagði stofnunin í kjölfarið fram þriggja ára landsáætlun. Alls bárust 58 áætlanir

frá sveitarfélögunum. Var sú vinna grunnur af þeim samningum sem gerðir voru í kjölfarið við sveitarfélögin. Til stendur að sveitarfélög geti skilað upplýsingum um refa- og minkaveiðar rafrænt árið 2017. Árið 2017 er áætlað að fyrir liggja betri upplýsingar um ákjósanlega verndarstöðu refastofnsins og ákvörðun um framtíðar veiðilág á refastofninn verður tekin í kjölfarið. Telur stofnunin mikilvægt að sátt náist um stefnumörkun í málaflokknum hvað þetta varðar.



# MIKIÐ LIGGUR VIÐ AÐ HAMLA GEGN MENGUN

Umhverfisstofnun hóf að vakta rusl á ströndum hér á landi sumarið 2016 í samstarfi við sveitarfélög, landeigendur og fleiri aðila. Fyrirfram afmarkað svæði er vakt að reglulega á hverri strönd og allt rusl flokkað, talið og skráð í samræmi við aðferðafræði OSPAR. Megintilgangur vöktunarinnar er að finna út hvers konar rusl safnast fyrir á ströndum, reyna að finna uppruna þess og fjarlægja ruslið. Um er að ræða strandir í Surtsey, Bakkavík á Seltjarnarnesi, Búðavík á Snæfellsnesi og á Rauðasandi á sunnanverðum Vestfjörðum.

## ÁFRAMHALDANDI VÖKTUN Á LÍFRÍKI HAFSINS

Umhverfisstofnun heldur utan um tilteknar mengunarmælingar á lífríki hafsins. Á árunum 2013–2016 var fjármagn af skornum og skammti og því lágu efnagreiningar á sýnum af þorski og kræklingi niðri frá árinu 2013. Árið 2016 var fjármagn tryggt fyrir efnagreiningum á tiltækum sýnum á fyrrnefndu tímabili sem og áframhaldandi vöktun. Gerðir voru samningar milli Umhverfisstofnunar og rannsóknastofnana um áframhald sýnatöku og efnagreiningar í sýnum fram til ársins 2020, auk þess sem samið var um efnagreiningar í sýnum af þorski og kræklingi sem hafði verið safnað og geymd þau ár sem greiningar lágu niðri.

## INNLEIÐING STJÓRNKERFIS FYRIR VATNAMÁL

Frá árinu 2011 hefur verið unnið að innleiðingu nýs stjórnskerfis fyrir vatnamálin í landinu. Um kerfið gilda lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Þetta er

samevrópskt kerfi sem þegar hefur verið tekið upp hjá öðrum ríkjum evrópska efnahagssvæðisins. Markmið með því er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýmun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heilsteyprar verndar. Auk þess er með stjórnkerfinu ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Árið 2014 dró verulega úr fjárveitingum til þessa verkefnis. Árið 2016 lagðist öll vinna við það af og starfsfólki var sagt upp eða flutt í önnur verkefni.

Á fjárukalögum 2016 kom að nýju fjármagn til verkefnisins svo stefnt er að því að hefja vinnuna að nýju á næsta ári. Til þess þarf að ráða starfsfólk og setja það inn í málin auk þess sem gera þarf nýja samninga við stofnanir sem taka þátt. Því miður hefur þetta í för með sér að frestir skv. lögnum fyrir einstaka verkþætti munu ekki allir nást.

## MIKILVÆG GÖGN Á ÍSLANDSMIÐUM

Styrkur þrávirkra lífrænna efna og þungmálma í þorski eru hluti af umhverfisvísium Umhverfisstofnunar sem ætlað er að segja til um ástand hafsins. Stuðst er við vöktun sem staðið hefur nær óslitið frá 1990 og fer sýnataka fram á NV- og á NAMiðum. Tilgangurinn er að fylgjast með breytingu á styrk þessara efna í lífríki óháð uppsprettu, meta hvort aðgerðir sem gripið hefur verið til bæði á innlendum sem alþjóðlegum vettvangi hafi skilað árangri og hvort frekari aðgerða sé þörf. Þetta eru ein mikilvægustu og samfelldustu gögn um ástand og þróun mengunarefna á Íslandsmiðum sem til eru.

Þrávirk lífræn efni berast út í umhverfið á margvíslegan hátt. Þau skolest t.d. úr jarðvegi og urðunarstöðum víða um heim og berast að lokum til sjávar eða með loftstraumum. Þau geta safnast fyrir í lífverum og magnast er ofar dregur í fæðukeðjunni. Lífverum efst í fæðukeðjunni er því mest hættu búin, þ.á.m. sjófuglum. Með staðfestingu á Stokkhólmssamningnum árið 2002 skuldbatt Ísland sig til að gera ráðstafanir til að draga úr eða stöðva losun ýmissa þrávirkra lífrænna efna.

Hexaklórbensen (HCB) var notað frá því um 1950 sem sveppalyf, m.a. í meðhöndlun útsæðis og fúavarnarefni, og myndast einnig sem aukaefni í ýmskonar iðnaðarferlum. Notkun þess í okkar heimshluta er nú alveg hætt. HCB getur m.a. valdið ofurnæmi húðar gagnvart sólarljósi, magakrömpum og æxlismyndun í líffærum. HCB er skilgreint sem hættulegt forgangsefni og var nýlega sett umhverfisgæðakrafa fyrir styrk þess, sú sama og í löndum Evrópusambandsins. Krafan tekur þó ekki í gildi fyrr en árið 2027. Fyrir HCB er krafan 10 µg/kg blautvigt. Undanfarin 10 ár hefur styrkurinn í lifur þorsks hér við land mælst hærrí eða um og yfir 15 µg/kg blautvigt. Vonast er til þess að umhverfisgæðakrafan verði uppfyllt áður en hún tekur gildi.

## PCB Í LÍFRÍKI UNDIR HÆTTUMÖRKUM

Pólíklórbifenýlsambönd (PCB) er manngerður efnaflokkur sem inniheldur alls 209 þrávirk efni. Byrjað var að framleiða PCB á 4. áratug síðustu aldar, m.a. voru þau notuð sem mýkingarefni í plasti, málningu, múrsteypu og lím sem

## Afgreiðsluverkefni





	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁL- HRAÐI
Leyfi fyrir varpi í hafði	3	8	5	14	8	8	9	Haf og vatn	30
Samþykki fyrir lagningu sæstrengja	0	1	0	1	1	1	1	Haf og vatn	-
Staðfesting á áætlunum hafna um móttöku úrgangs	3	2	10	0	48	20	20	Haf og vatn	-
Staðfesting á skilgreiningum sveitarstjórna á viðtaka vegna fráveitna	1		1	1	1	0	1	Haf og vatn	-
Eftirlit með móttöku úrgangs frá skipum	-	-	-	19	12	12	18	Haf og vatn	-

og í spennubreyta, rafþétta, glussaolíur og varmaskipta. Framleiðsla efnanna var að mestu hætt í okkar heimshluta á 8. áratugnum. PCB hafa m.a. neikvæð áhrif á frjósemi og ónæmiskerfi. Á 9. og 10. áratug síðustu aldar var farið í aðgerðir hér á landi til draga úr losun PCB út í umhverfið og var PCB olía m.a. fjarlægð úr rafspennum þar sem til hennar náðist. Uppsprettur PCB hér á landi eru nú taldar óverulegar, þá helst frá sorpbrennslu, hvalverkun og gömlum urðunarstöðum. Styrkur PCB í þorsklifur hefur minnkað marktækt og er það talin vísbending um að langt að borin mengun með loft- og sjávarstraumum sé að minnka og að aðgerðir hér á landi hafi borið árangur. Ekki hafa verið settar umhverfisgæðakröfur fyrir þau PCB efni sem vöktuð eru í þorsklifur. Í samantekt OSPAR á ástandi Norðaustur-Atlantshafsins kemur fram að styrkur PCB í lífríki sé svipaður hér við land og á öðrum sambærilegum hafsvæðum og undir þeim mörkum sem talin eru vera skaðleg lífríki.

**SKAÐLEG ÁHRIF ÞUNGMÁLMA**

Þungmálmur eru náttúruleg efni sem koma úr bergi en berast einnig sem mengun út í umhverfið, m.a. frá námum, málmvinnslum, þakjárn, kolaorkuverum, bifreiðum og gömlum urðunarstöðum. Zink og kadmíum losna auk þess út í umhverfið við dekkjaslit, úr vélaolíu, vélafeiti, málmblöndum, rafhlöðum og úr tilbúnum áburði. Kopar berst auk þess út í umhverfið við slit lega, vélarhluta og bremsuborða og frá kælivökvum og vissum fúavarnarefnum. Kvikasilfur getur auk þess borist út í umhverfið við brennslu kola og úrgangs og úr tannfyllingum, rafgeymum, flúrljósaperum og hitamælum.

Sumir málmur eru nauðsynlegir lífverum, s.s. kopar og zink, en aðrir gegna engu þekktu líffræðilegu hlutverki, m.a. kvikasilfur og kadmíum.




**Breytingar á styrk þrávirkra efna og þungmálma í þorskholdi og þorsklifur yfir tíma.** Gröfin sýna meðaltal úr mælingum á þorski veiddum á NV og á NA miðum.

Þeir málmur geta verið eittraðir lífverum í tiltölulega lágum styrk. Lífríki er þó ekki talið stafa hættu af þungmálmum sem eru í náttúrulegum styrk. Þungmálmur geta safnast fyrir í lífverum og magnast upp fæðukeðjunum. Dæmi um skaðleg áhrif þungmálma eru rökun kadmíums á ýmsum efnaferlum og skaðleg áhrif kvikasilfurs á heilastarfsemi, einkum í fóstrum og ungvíði.

Mælingar á styrk þungmálma í þorski hér við land benda til náttúrulegs styrks og uppruna þeirra. Í samantekt OSPAR kemur fram að styrkur þungmálma í lífríki hér við land sé lægri eða svipaður og á öðrum sambærilegum hafsvæðum. Undantekning er þó kadmíum sem mælist í hærri styrk í þorsklifur hér við land en á sambærilegum

hafsvæðum, t.d. við Noreg. Engin teljandi manngerð uppspretta kadmíums er þekkt hér við land. Kadmíum er því talið vera af náttúrulegum toga, hugsanlega tengt staðbundnu rofi nálægt Norður-Atlantshafshryggnum.

Kadmíum og kvikasilfur eru skilgreind sem hættuleg forgangsefni. Í þorski hefur verið sett umhverfisgæðakrafa fyrir styrk kvikasilfurs og er hún 20 µg/kg í blautvigt. Styrkur kvikasilfurs hefur hinsvegar oftast mælist 20-30 µg/kg í þorsköðvum. Þar sem ætla má að styrkur kvikasilfurs í þorski endurspegli náttúrulegar aðstæður hér við land er umhverfisgæðakrafan fyrir hafsvæðið við Ísland líklega of ströng.



**Frávik í eftirliti með móttökustöðvum úrgangs í höfnum.**

Eftirlit með móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum hófst árið 2015. Farið verður í allar hafnir á fimm ára fresti. Árið 2016 var framkvæmt eftirlit í 20 höfnum þar sem frávik voru samtals 48 af þeim höfnum sem farið var í. Ekki er hægt að meta árangur eftirlitsins fyrir en búið er að fara í allar hafnir að fimm árum liðnum. Höfnum landsins er skipt niður í þrjú flokka eftir stærð. Hafnir í flokki eitt eru sjö talsins og voru frávik samtals 22, sex hafnir eru í flokki tvö með 15 frávik og hafnir í flokki þrjú eru sjö talsins með 11 frávik.



# BRÝNT AÐ FÆKKA UNÐAN-ÞÁGUM FRÁ REGLUGERÐUM

Umhverfisstofnun berast fjölmörg erindi ár hvert frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem farið er fram á umsögn stofnunarinnar um umsóknir um undanþágur frá starfsleyfum og reglugerðum sem ráðherra tekur ákvörðun um. Umhverfisstofnun hefur bent á mikilvægi þess að ferill við veitingu á undanþágu þurfi að vera skýr þar sem heimild ráðherra til að veita undanþágur frá starfsleyfum og eða reglugerðum er mjög opin. Stofnunin hefur tekið saman þau viðmið sem rétt er að ráði veitingu undanþága og afmörkun á þeim undanþágum sem veittar eru. Einnig hefur verið fjallað um kröfur sem rétt er að ráðuneytið geri til umsókna um undanþágur. Skýr sýn á markmið og vinnu við veitingar á undanþágum stuðla að því markmiði að undanþágum skuli fækka og að almennar reglur gildi um alla starfsemi í viðkomandi grein.

Á árunum 2010-2016 veitti stofnunin umsagnir um alls 107 undanþágur frá ákvæðum reglugerða er tengjast hollustuháttum. Á meðfylgjandi mynd má sjá heildarfjölda undanþága sem sótt var um á tímabilinu 2010-2016. Á árinu 2016 voru veittar 11 umsagnir varðandi ósk um undanþágur frá gildandi reglugerðum og lögum um hollustuhætti, sund- og baðstaði og vegna hávaða en í 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir segir m.a.: „... Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og viðkomandi heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi.“ Á tímabilinu 2010-2016 hafa þessar umsagnir verið á bilinu 6 til 30. Eins og myndin sýnir fer umsögnum fækkandi, m.a. vegna breytinga á reglugerðum um sund- og baðstaði og um fjarlægðareglu.

## VIÐAMIKIÐ EFNAEFTIRLIT

Frá árinu 2014 hefur yfirumsjón eftirlits með efnum og efnablöndum á markaði hér á landi verið í höndum Umhverfisstofnunar og á þeim tíma hefur stofnunin verið að þróa aðferðafræði eftirlits. Þorri eftirlitsins byggir á skipulögðum verkefnum þar sem valdir eru ákveðnir vöruflokkar og tekið úrtak úr þeim til að skoða eftir atvikum hvort vörur séu löglegar á markaði, hvort í þeim séu bönnuð innihaldsefni, hvort merkingum sé ábótavant og fleira. Við val á verkefnum er leitast við að taka fyrir vöruflokka þar sem aðhalds er þörf og haga stærð úrtaks þannig að afgreiðsla verkefnanna gangi eins greitt og framast er unnt. Á árinu 2016 voru skipulögð eftirlitsverkefni 10 talsins og vöruflokkar í brennidepli voru snyrtivörur, plöntuverndarvörur, viðhaldsvörur fyrir bíla og kælimiðlar úr hópi ósoneyðandi efna og flúoraðra gróðurhúsalofttegunda.

Samkvæmt efnalögum er eitt af hlutverkum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga að hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndirnar gefa út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Upplýsa skal Umhverfisstofnun um niðurstöður eftirlitsins svo stofnunin geti brugðist við og gert kröfur til birgis um úrbætur ef við á. Síðan Umhverfisstofnun tók við eftirliti með efnavörum á markaði hefur tilkynningum frá heilbrigðiseftirlitum fækkað jafnt og þétt.

## MARKAÐSSETNING HFC-HYLKJA BÖNNUÐ

Meðal þeirra aðgerða sem horft er til í dag til að ná árangri í loftslagsmálum er skipulögð útfösun vetnisflúorkolefna (HFC) sem er ein gerð flúoraðra gróðurhúsalofttegunda, svokallaðra F-gasa. Um er að ræða manngerð efni, mörg hver með afar háa hnatthlynunarstuðla (GWP), sem meðal annars hafa verið notuð sem staðgenglar ósoneyðandi kælimiðla frá því að notkun þeirra var bönnuð. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með innflutningi og markaðssetningu miðlanna, en þessi efni eru meðal þeirra sem vöktuð eru vegna losunarbókhalds. Fylgst er með þróun innflutnings og samburður gerður við innflutning á vatnsfríu ammóníaki, sem notað er sem kælimiðill á stór kælikerfi. Innflutningur HFC-efna er nokkuð sveiflukenndur milli ára. Því fæst marktækari mynd með því að horfa á nokkur ár í senn. Á árinu 2016 fór Umhverfisstofnun í sérstakar aðgerðir vegna innflutnings HFC-efna í einnota hylkjum, en markaðssetning slíkra hylkja er bönnuð. Þær aðgerðir kunna að hafa átt þátt í því að innflutningur var mun minni 2016 en hann hefur verið undanfarin ár. Hertar reglur varðandi notkun HFC-efna eru væntanlegar hér á landi á næstu árum.

## AÐGERÐAÁÆTLUN UM NOTKUN VARNAREFNA

Á árinu gaf umhverfis- og auðlindaráðherra út *Aðgerðaráætlun um notkun varnarefna 2016–2031*. Í henni eru sett markmið fyrir tímabilið 2016–2031, að innflutningur á plöntuverndarvörum verði ekki meiri en 12 tonn og ekki meiri en 3

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Notendaleyfi	120	82	42	62	55	60	25	Efnamál	20
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi plöntuverndarvara	8	0	3	0	2	0	5	Efnamál	120
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi sæfivara	4	2	3	1	3	2	5	Efnamál	90
Útgáfa leyfisnúmera vegna tollaafgreiðslu	-	-	-	-	-	185	138	Efnamál	
Fjöldi eftirlitsverkefna	-	-	-	-	-	10	14	Efnamál	



tonn af virku efni og af þeim fari 2.4 tonn til notkunar í atvinnuskyni. Innflutningur á tonnum af virkum efnunum er enn yfir áætluðu markmiði en samdráttur er í innflutningi miðað við árin 2014 og 2015. Áætlað er að um 80% af notkun virkra efna í plöntuverndarvörum séu á hendi fagaðila, en 20% hjá almenningi. Meðaltal árána 2012-2015 var að 24% af notkun virkra efna af innfluttum plöntuverndarvörum var á hendi fagaðila. Þannig er búist við miklum viðsnúningi hvað varðar notendur þessara efna. Langstærsti notendaflokkurinn af plöntuverndarvörum eru


illgresiseyðar en fyrir tímabilið 2012-2015 var 86% af virku efnunum sem flutt voru inn, ætluð til þeirrar notkunar, 6% sem skordýraeyðar, 6% sem sveppaeyðar og minna en 1% sem stýriefni.

Hvað varðar notkun efnanna í ræktun fara 28% í ýmsa ræktun, notkun á íþróttavöllum öðrum en golfvöllum, í einka- og almenningsgördum, á opnum grænum svæðum, í sumarbústaðalöndum og víðar, og þá aðallega illgresiseyðar. Næstmest notkun á plöntuverndarvörum á sér stað á ógrónum svæðum eða um 24%. Þetta eru svæði þar sem ekki er ætlast til að gróður sé til staðar,

s.s. á iðnaðarsvæðum, við vegi, í innkeyrslum, á stígum og víðar í umhverfinu, nær eingöngu illgresiseyðar. Samtals nemur notkun við ýmsa ræktun og notkun á ógrónum svæði rúmlega 50% af allri notkun á plöntuverndarvörum hér á landi.

### SKRÁNINGUM FÆKKAR

Frá gildistöku efnalaga nr. 61/2013 hefur verið í gildi ákvæði um tímabundnar skráningar plöntuverndarvara, þar sem vörur sem skráðar voru hér á landi við gildistöku laganna halda gildi sínu þar til að komið er að því að áhættumeta virka efnið í vörunni. Í kjölfarið getur varan farið aftur í endurmat eða verið bönnuð. Í árslok 2014 voru 114 skráðar plöntuverndarvörur hér á landi. Töluverður kostnaður fylgir nýskráningum samkvæmt nýrri reglugerð um plöntuverndarvörur og íslenski markaðurinn er mjög lítill og of lítill að mati innflytjenda til að standa undir þessum kostnaði. Í ljós hefur komið að ekki er sótt um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörur að nýju, þegar nýtt áhættumat liggur fyrir, og eldri skráning rennur út. Þannig féllu niður 16 skráningar árið 2016 og 10 falla út á árinu 2017. Þannig er áætlað að á þessum 2 árum falli niður tæplega fjórðungur skráninga plöntuverndarvara. Töluverð óvissa ríkir því um skráningar og fjölda plöntuverndarvara á næstu misserum.



# DREGIÐ VERÐI ÚR NEYSLU OG ENDURNÝTING AUKIN

Á Íslandi hefur náðst árangur í úrgangsstjórnun og þarf ekki að horfa lengra aftur en um 25–30 ár til að komast að þeirri niðurstöðu. Árið 1990 var opin brennsla algeng förgunarleið fyrir úrgang. Spilliefnum var almennt ekki haldið frá öðrum úrgangi og flokkun á úrgangi til endurvinnslu var nánast engin.

Í dag fara 78% af þeim úrgangi sem fellur til í einhverskonar endurnýtingu, þ.e. í endurvinnslu eða í aðra nýtingu þar sem úrgangurinn kemur í stað annars hráefnis. Með þessu er dregið úr álagi á auðlindir jarðarinnar. Það má því segja að sem þjóð séu Íslendingar sífellt að komast nær því að skapa hringrásarhagkerfi, eða hringrænt hagkerfi, sem snýst um að halda hráefnum og öðrum auðlindum sem allra lengst í hringrás framleiðslu, notkunar og endurvinnslu.

## MEIRI ÚRGANGUR EFTIR HRUN

Um leið og eitthvað fellur út úr hringrásinni og fer til förgunar má líta á það sem soun á auðlindum. Til að stuðla að aukinni endurvinnslu úrgangs er í gildi markmið um að 50% heimilisúrgangs fari að lágmarki til endurvinnslu frá og með árinu 2020. Nú er staðan þannig að hlutfallið hér á Íslandi er 30% og hefur hækkað úr tæpum 20% árið 2008. Sambærilegt endurvinnslumarkmið er í gildi í flestum öðrum löndum Evrópu. Á haustdögum 2016 kannaði Umhverfisstofnun Evrópu hvernig löndunum gengur að ná þessu markmiði. Ef staða Íslands er borin saman við önnur Evrópulönd kemur í ljós að endurvinnsluhlutfallið liggur mitt á milli þess sem best gerist (64%) og þess sem verst gerist (0%). Ljóst er að spýta þarf í lófana til að Ísland nái 50% endurvinnslu heimilisúrgangs árið 2020 en það er mat Umhverfisstofnunar Evrópu að það sé mögulegt. Umhverfisstofnun styður meðal annars við endurnýtingu úrgangs og

hringrásarhagkerfið með því að veita ráðgefandi álit um endurnýtingu úrgangs. Um er að ræða nýja leið fyrir þá sem vilja endurnýta úrgang og markaðssetja afurð sína sem vöru. Þetta álit stofnunarinnar felur í sér mat á því hvort notkun afurðarinnar geti haft skaðleg áhrif á umhverfi sem og heilbrigði manna og dýra. Endurvinnsla úrgangs er þó einungis eitt tannhjól í gangverki hringrásarhagkerfisins. Það er nauðsynlegt að leggja einnig áherslu á að draga úr myndun úrgangs.


## ÓHEPPILEGT EVRÓPUMET

Erfiðlega hefur gengið að slíta í sundur tengsl á milli myndunar úrgangs og hagvaxtar í samfélaginu, en í upphafi árs 2016 kom út fyrsta stefna íslenskra stjórnvalda í úrgangsförvörnum, undir yfirskriftinni Saman gegn soun. Magn heimilisúrgangs á Íslandi hefur á hvern íbúa aukist jafnt og þétt frá efnahagshruninu árið 2008.

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁLS- HRADI
Eftirlit með erfðabreyttum lífverum	7	5	8	9	8	7	7	Eftirlit	-
Leyfi til urðunar á sóttmenguðum dýrúrgangi	2	16	16	14	14	1	5	Neytenda	3
Útgefin Svansleyfi	3	3	3	1	2	6	5	Neytenda	-
Endurvottun Svansleyfi	9	0	19	19	8	8	7	Neytenda	-
Tilkynningar vegna flutnings úrgangs á milli landa	18	25	25	17	17	16	18	Neytenda	30
Leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera	3	2	4	5	4	3	2	Umsagna-og leyfis	90
Fjöldi skotvopnanámskeiða (fjöldi þátttakenda)	24(650)	24(614)	24(650)	24(570)	24(600)	22(631)	24(600)	Veði-og verndar	-
Fjöldi veiðinámskeiða (fjöldi þátttakenda)	24(650)	24(683)	24(650)	24(524)	24(600)	16(514)	24(570)	Veði-og verndar	-
Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	1	0	1	0	1	0	1	Veði-og verndar	-
Skil á veiðiskýrslum veiðikorthafa undangengis árs	95	92	92	91	92	84	92	Veði-og verndar	-
Móttaka og skráning á veiðiskýrslna	12000	12270	12000	11887	12000	10737	12000	Veði-og verndar	-
Umsóknir um hreindýraveiðileyfi	4000	3602	4000	3673	4000	3209	4000	Veði-og verndar	-
Leyfi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	5	1	5	1	100	99	7	Veði-og verndar	40
Útgefin veiðikort	12000	11985	12000	11523	12000	10600	12000	Veði-og verndar	3
Útgefin leyfi vegna hreindýraveiði	1277	1237	1412	1348	1300	1237	1315	Veði-og verndar	5 - 7
Leyfi til myndatöku við hreiður fugla	20	20	20	14	20	8	15	Veði-og verndar	15
Eftirlit með hreindýraveiðum - fjöldi daga		20	20	12	20	29	40	Veði-og verndar	-
CITES leyfisveitingar	30	39	30	13	20	19	20	Veði-og verndar	15
Umsagnir um undanþágur frá villidýralögum	2	3	2	1	2	0	2	Veði-og verndar	14
Umsagnir um undanþágur á innflutningi á framandi lífverum	3	2	3	5	2	2	2	Veði-og verndar	-
Umsagnir um undanþágur varðandi skotvopn	12	32	32	16	30	5	15	Veði-og verndar	-





Aukinn hagvöxtur og aukin neysla hefur leitt af sér aukinn úrgang, sem er sama þróun og fyrir efnahagshrunið. Magn heimilisúrgangs á hvern íbúa hér á landi er nú með því mesta sem þekktist í Evrópu, eða 536 kg/íbúa á ári (2014). Í samræmi við áður nefnda stefnu vinnur Umhverfisstofnun markvisst að því að hvetja íbúa landsins til að huga að nýtni, draga úr sóun og forðast einnota lífsstíl. Til þessa hefur mesta áherslan verið lögð á að berjast gegn matarsóun og sóun annarra lífræna auðlinda.

**ÁTAK GEGN MATARSÓUN**

Í kjölfar Parísarsamkomulagsins kynnti ríkisstjórn Íslands sóknaráætlun í loftslagsmálum sem fól m.a. í sér átak til að draga úr matarsóun sem er í samræmi við stefnu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um úrgangforvarnir. Umhverfisstofnun fékk það verkefni að stýra þessu átaki og hefur mikil vinna farið í hin ýmsu verkefni. Þungamiðja átaksins er vefgáttin matarsóun.is sem er helsti vettvangur fyrir upplýsingagjöf um hvernig megi minnka matarsóun. Samstarfshópur um aðgerðir gegn matarsóun með fulltrúum frá þrettán mismunandi stofnunum og frjálsum félagasamtökum var stofnaður og stendur hópurinn að síðunni. Helstu átaksverkefni voru fræðsluherferð um fyrningardagsetningar og geymslu matvæla undir heitinu Notaðu nefið og ýmis konar fræðsluefni á vefgáttina, m.a. húsráð gegn matarsóun, uppskriftavefur og skammtareiknivél.

Á árinu var gerð fyrsta rannsóknin á umfangi matarsóunar á Íslandi sem náði til heimila og fyrirtækja á landinu öllu. Umhverfisstofnun framkvæmdi rannsóknina með stuðningi frá Hagstofu Evrópusambandsins, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og Hagstofu Íslands. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að matarsóun á heimilum á Íslandi er sambærileg því sem gerist í öðrum löndum Evrópu, ekki er marktækur munur á sóun á heimilum eftir því hvort þau eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni

og mesta sóunin er hjá veitingarekstri og matvælaframleiðslu, sem er einnig í samræmi við niðurstöður annarra Evrópulanda.

**SAMAN GEGN SÓUN**

Á haustmánuðum stóð Umhverfisstofnun, ásamt FENÚR (Fagráði um endurnýtingu og úrgang), fyrir umhverfissýningunni Saman gegn sóun í Perlunni. Þar kynntu fyrirtæki og opinberir aðilar nýjar leiðir í umhverfismálum og hvernig draga megi úr sóun. Sýningarbás Umhverfisstofnunar vakti mikla athygli en þar var lögð áhersla á forvarnir gegn sóun matvæla, plasts og textíls og fræðslu um viðurkennd umhverfismerki. Sýningin var vel sótt og ánægjulegt að sjá hversu mikinn áhuga almenningur hefur á þessum málefnum.

**ÁTAK GEGN BURÐARPLASTPOKUM**


Árið 2016 tók fulltrúi frá Umhverfisstofnun sæti í starfshópi á vegum umhverfis- og auðlindaráðherra um hvernig mætti draga úr notkun á einnota burðarplastpokum á Íslandi. Í ágúst 2016 samþykkti ráðherra 14 aðgerðir sem snúa að því að skipta upp tollflokkum til að auðvelda samantekt tölulegra upplýsinga um fjölda burðarplastpoka. Þá verður unnið að fræðslu og kynningu fyrir almenning og verlanir og lögð til hækkingu gjalds á einnota burðarpoka. Einnig er unnið að því að það gjald sem kemur inn vegna sölu á einnota burðarpokum renni í umhverfistengd verkefni. Markmið verkefnisins er að fyrir árslok 2019 verði notkun á einnota burðarplastpokum á hvern einstakling komin niður í 90 stk. og niður í 40 stk. fyrir árslok 2025.


**EINS MANNS AFURÐ ANNARS HRAEFNI**

Undanfarin ár hefur Umhverfisstofnun unnið að verkefniinu Lífbrjótanlegur úrgangur til nýsköpunar, sem fellur undir Norræna lífhagkerfið (NordBio) í formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Á árinu voru niðurstöður verkefnisins kynntar á alþjóðlegri ráðstefnu sem haldin var í Hörpu. Markmið verkefnisins var að kortleggja myndun og nýtingu lífbrjótanlegs úrgangs á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Helstu niðurstöður voru að tengsl vantar á milli þeirra sem mynda úrgang við sína starfsemi og þeirra sem gætu hugsanlega nýtt þessa auðlind. Umhverfisstofnun vann í framhaldinu að vefmarkaðstorgi fyrir lífbrjótanlegar aukaafurðir undir heitinu Auðlindatorgið (auðlindatorg.is). Markmiðið er að fólk nýti Auðlindatorgið til að mynda tengsl og skapa verðmæti. Auðlindatorgið mun þar með styðja við sjálfbærari nýtingu náttúruauðlinda og sýna að eins manns aukaafurð er annars hráefni.


**ÞRIGGJA ÁRA RAFTÆKJAÁÆTLUN**

Til að ná markmiðum um meðhöndlun raf-tækjaúrgangs og draga úr förgun hans, hefur Umhverfisstofnun unnið að þriggja ára eftirlitsáætlun með rafhlöðum og rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi. Tilgangur eftirlitsins er að koma í veg fyrir að skaðleg efni berist út í umhverfið og skapi hættu fyrir heilbrigði manna og dýra sem og að auka flokkun og endurvinnslu tækjanna. Í eftirlitinu er meðal annars verið að tryggja að vörur séu rétt merktar með tunnumerki og að upplýsingar um rétta förgun séu aðgengilegar. Einnig er fylgst með efnainnihaldi rafhlaðna og rafgeyma á markaði og hvort sölu- og





Fjöldi fugla veiddur




dreifingaraðilar taki á mótí vörunum þegar þær eru orðinn úrgangur.

**MARGVÍSLEG VEIÐISTJÓRNUN**

Til að bæta þjónustu við veiðimenn og draga úr plastnotkun voru gerðar breytingar á afgreiðslu veiðikorta. Nú sendir Umhverfisstofnun ekki lengur út aðgangsorð til veiðimanna til að komast á skilavefinn heldur er notað rafrænt skilríki eða Íslykill til að komast inn á vefinn. Jafnframt fá allir veiðimenn sent rafrænt veiðikort þegar þeir hafa gengið frá umsókn og greiðslu fyrir kortið. Þetta þýðir að veiðimaður getur farið inn á skilavefinn, skilað inn veiðiskýrslu og gengið frá greiðslu á veiðikorti með greiðslukorti. Þannig er viðkomandi kominn með veiðikort í símann sinn innan nokkurra mínútna frá því hann hóf ferlið. Alls afþökkuðu 60 % þeirra 10.299 sem keyptu veiðikort plastkortið og af þeim afgreiddu 81% sig alfarið sjálfir.

Heildarveiði heiða- og grágæsna samkvæmt veiðiskýrslum



Tekjur af sölu veiðikorta hafa undanfarin ár fjármagnað að hluta rannsóknir á vöktun veiðistofna þar sem leitað er upplýsinga um ástand og áhrifaþætti á stofnstærð þeirra. Þann 15. apríl 2016 stóð Umhverfisstofnun fyrir ráðstefnu undir yfirskriftinni Sjálfbærni veiðistofna á Grand Hótel. Á ráðstefnunni var farið yfir rannsóknaniðurstöður umfangsmestu verkefnanna, s.s. um stofnbreytingar á rjúpu, íslenskra bjargfugla, lunda og langtímavöktun á varpágangi gæsa og anda. Lokaerindið, sjálfbærni fuglaveiða á Íslandi, kom frá sérstakri nefnd sem skipuð var af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um forgangsriðun rannsókna, fjármagnað af Veiðikortasjóði. Ráðstefnuna sóttu um 80 manns.





## SJÁLFBÆR NÝTING AUÐLINDA

Stefna Umhverfisstofnunar er að stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu auðlinda. Setti stofnunin fram markmið um stjórnun og nýtingu rjúpnastofnsins á árinu. Umhverfisstofnun hefur lagt ríka áherslu á gott samráð við helstu hagsmunaaðila þegar ákvarðanir um sjálfbærni eru teknar varðandi framtíðarskipulag um nýtingu villtra stofna, s.s. við Náttúrufræðistofnun Íslands, Fuglavernd og Skotvís. Hugmyndir Umhverfisstofnunar að sjálfbærni fyrir lágmarks varpstofn rjúpu eru að fjöldi fari ekki undir 90.000 fugla. Ef metinn varpstofn fer undir þessi mörk verða veiðar ekki heimilaðar það ár og ekki aftur fyrr en metinn varpstofn mælist yfir 100.000 fuglum. Árið 2016 mat Náttúrufræðistofnun Íslands varpstofn rjúpu 131.000 fugla og veiðistofn 453.000 fugla. Veiðipólið var áætlað 40.000 fuglar. Miðað við þessar forsendur og samráð við ofangreinda hagsmunaaðila var lögð fram tillaga til umhverfis- og auðlindaráðuneytis um 18 rjúpnaveiðidaga sem dreifast á sex þriggja daga helgar. Umhverfis- og auðlindaráðherra tók þó ákvörðun og gaf út óbreytt fyrirkomulag fyrra ára, til þriggja ára, þ.e. að veiðidagarnir yrðu 12 sem myndu skiptast á fjórar helgar á tímabilinu 28. október til 20. nóvember.

## HELDUR FÆRRI HREINDÝR FELLU

Hreindýrakvóti ársins 2016 var alls 1.300 dýr, 452 tarfar og 848 kýr. Fækkun nam ríflega 100 dýrum miðað við árið 2015. Veiðitímabil tarfa var 63 dagar og hefðbundið veiðitímabil kúa 50 dagar. Við veiðitímabil kúa bættust síðan 30 dagar í nóvember, á svæðum 7, 8 og 9, því heimilt var að fella samtals 135 kýr í nóvember á þeim svæðum. Það setti strik í reikninginn að engar kúaveiðar voru leyfðar á veiðisvæði 9, hvorki á hefðbundnum tíma né í nóvember. Ástæðan var sú að ekki var nægur fjöldi dýra á svæðinu þannig að réttlætlegt væri að heimila veiðar á kúm. Mun færri dýr voru

á svæði 9 en kom fram í niðurstöðum vöktunar Náttúrustofu Austurlands og kvótinn byggir á þeir veiðimenn sem fengið höfðu veiðileyfi á kýr á sv. 9 fengu leyfi sín endurgreidd vegna þessarar ákvörðunar. Veiðar gengu í heildina vel og stærstur hluti kvótans náðist eða 1.224 dýr. Mestu munar hér um kýrnar 40 sem ákveðið var að fella ekki á sv. 9 en einnig voru samtals 28 leyfi á kýr á sv. 7 og sv. 8 sem ekki nýttust, m.a. vegna þess að erfiðlega gekk að úthuta þeim. Það breytta fyrirkomulag sem tekið hefur verið upp að láta greiða veiðileyfið í einni greiðslu, mun fyrr en lokagreiðslan var áður, skilaði þeim árangri að hægt var að endurúthluta ógreiddum leyfum fyrr og mæltist það almennt vel fyrir.

## ÖFLUGT EFTIRLIT

Öflugt eftirlit var með hreindýraveiðum árið 2016, bæði á aðalveiðitímanum og á nóvemberveiðunum. Eftirlitsmaður var nú í fyrsta sinn ráðinn til að sinna eftirliti á öllu tímabili hefðbundins veiðitíma. Alls fengu 103 veiðimenn sem felldu dýr eftirlit, þ.e. 8,4% af heildinni. Um 82% þessara veiðimanna fengu engar athugasemdir frá eftirliti. Um 40% þeirra sem hafa starfsleyfi til leiðsagnar á hreindýraveiðum fengu eftirlit, þar af fengu 67% engar athugasemdir. Algengustu frávikin lúta að því að skotvopnaskírteini og veiðikort voru ekki meðferðis, sem og að dýr hafi ekki verið merkt á fellistað. Leiðsögumenn á hreindýraveiðum og veiðimenn hafa tekið auknu eftirliti vel.

Á árinu 2016 var haldið endurmenntunarnámskeið vegna endurnýjunar leyfis til leiðsagnar á hreindýraveiðum. Alls sóttu 106 leiðsögumenn námskeiðið sem var haldið á Egilsstöðum 23. apríl og síðan aftur 7. maí. Þar af voru 75 manns á Egilsstöðum en einnig var bein útsending á starfsstöðvar Umhverfisstofnunar. Á Akureyri sátu sjö þetta námskeið og 23 í Reykjavík. Megináherslur

á námskeiðinu byggðu á þarfagreiningu sem var gerð meðal leiðsögumanna í janúar 2016. Eftir endurmenntunarnámskeiðið endurnýjuðu 99 leiðsögumenn leyfi sín til leiðsagnar fyrir hreindýraveiðitímabilið 2016.

## AUKIÐ SAMSTARF ÞARF UM REFAVEIÐAR

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að byggja upp víðtækt samstarf um refaveiðar milli þeirra aðila sem málið varðar mest. Með því telur stofnunin að hægt sé að leggja grunn að betri og markvissari vinnutillögun við þetta verkefni til framtíðar en nú er. Samráðið byggir meðal annars á aðkomu sveitarfélaga að gerð samninga og eftirfylgni þeirra. Samráðið byggir líka á samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands um mat á heildarstærð refastofnsins á landsvísu. Það mat skal meðal annars unnið á grundvelli þeirra upplýsinga sem vinna má úr þeim gögnum sem safnast á samningstímanum. Tilskilið er að Náttúrufræðistofnun Íslands verði sendur tiltekinn hluti veiddra refa til greininga. Einn mikilvægasti þáttur samninganna er að safna saman upplýsingum um mat á tjóni sem aðilar innan sveitarfélaganna verða fyrir. Einnig sé lögð áhersla á grenjaskrár og árlegar upplýsingar um ábúð. Öll þessi gögn þarf að skoða í samhengi m.t.t. breytinga í tíma og rúmi, kanna hvaða þættir hafa áhrif á slíkar breytingar. Samningar voru gerðir til þriggja ára við 56 sveitarfélög árin 2014-2016 og greiddi stofnunin út 28,6 m.kr. til sveitarfélaga á árinu 2016.

Samkvæmt veiðiskýrslum hafa veiðar á svartfugli dregist saman á undanförunum árum. Það á við um allar tegundir, álku, langvíu, stuttnefju og teistu. Frá árunum 1995-2004 til dagsins í dag hefur þeim sem veiða svartfugl fækkað um það bil helming. Áður veiddu um 1.400 manns svartfugl árlega, nú um 700.



# SVANURINN Í SÓKN

Vitundarvakning varð um umhverfismerki og vottunarkerfi árið 2016. Starfsmenn Umhverfisstofnunar vörðu miklum tíma í fræðslu og upplýsingagjöf um trúverðuleika slíkra vottana og merkinga.

Norræna umhverfismerkið Svanurinn hefur verið á miklu flugi síðustu ár. Árið 2016 bættust sex ný fyrirtæki við íslensku Svansfjölskylduna. Þá fór fjöldi nýrra umsókna um Svansvottun fram úr væntingum á árinu. Gert var ráð fyrir að þær yrðu tvær en í reynd urðu þær átta.

## PRENTSMIÐJUR IÐNAR VIÐ KOLANN

SORPA bs. var meðal þeirra fyrirtækja sem fékk Svansvottun árið 2016. Sú vottun var fyrir metangasframleiðslu. Sorpa framleiðir metangas úr hauggasi sem myndast á urðunarstað SORPU í Álfsnesi. Fyrirtækið er fjórða fyrirtækið á Norðurlöndum sem fær vottun Svansins fyrir eldsneyti og það fyrsta á Íslandi.

Prentsmiðjur eru ennþá stærsti fyrirtækjahópur Svansins. Fimm slíkar bættust við íslensku Svansfjölskylduna árið 2016. Meðal þeirra er Ásprent Stíll sem varð þar með fyrsta fyrirtækið á Akureyri sem hlýtur vottun Svansins.

Nokkuð fór fyrir umfjöllun um Svaninn í fjölmiðlum, m.a. var gefinn út sérstakur kálfur með Fréttablaðinu í desember 2016 um umhverfismerki. Einnig var sérstök kynning á umhverfismerkjum og öðrum neytendamerkjum sýnd í Kastljósi á haustdögum þar sem starfsmaður Umhverfisstofnunar gerði grein fyrir helstu merkjum á markaði. Svanurinn var einnig áberandi á Facebook á árinu og átti þar 73 innlegg.

Árið 2016 hófst vinna við markaðsátak með samningi við auglýsingastofuna Brandenburg

um gerð kynningarmyndbands fyrir Svaninn. Auglýsingaherferðin sjálf hefst síðan á vordögum 2017. Markmiðið er að auka þekkingu neytenda á umhverfismerkinu og hvetja neytendur til að leita eftir Svaninum í verslunarferðum sínum.

Á haustdögum 2016 lauk stóru verkefni um skráningu Svansvottaðra vara á markaði með útgáfu Vörulista Svansins á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Starfsfólk Svansins fór í eftirlit í rúmlega 20 verslanakeðjur á árinu og skráði niður vörur með vottun Svansins. Á grundvelli þeirrar vinnu var vörulistinn útbúinn en hann sýnir úrval á Svansvottuðum vörum á Íslandi.

## GRÆN SKREF Í RÍKISREKSTRI

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti fjármagnar verkefnið Græn skref í ríkisrekstri En Umhverfisstofnun hefur umsjón með því. Upphaflega var gerður samningur um rekstur verkefnisins til tveggja ára en Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneyti hafa framlengt samninginn út árið 2017.

Umhverfisstofnun býður öllum ríkisaðilum aðstoð og ráðgjöf við innleiðingu skrefanna og umhverfisvæns reksturs. Grænu skrefin eru hvatakerfi. Stofnanir innleiða í hverju skrefi aðgerðir sem snúa að þeim þáttum sem hafa hvað mest umhverfisáhrif í rekstrinum, s.s. úrgangi, innkaupum, hita og rafmagn og samgöngum. Græn skref eru fimm talsins. Þegar stofnanir hafa innleitt 90% aðgerða innan hvers skrefs er gerð úttekt af starfsmanni verkefnisins og veitt viðurkenning fyrir hvert skref sem tekið er.

Í árslok 2016 voru 37 stofnanir með yfir 90 starfsstöðvar skráðar í verkefnið. Alls 35 stofnanir með 51 starfsstöð höfðu þá fengið fyrsta skrefið. Jafnframt höfðu 14 stofnanir náð þeim árangri að

hafa fengið viðurkenningu fyrir öll fimm skrefin.

Umhverfisstofnun vill vera leiðandi í verkefninu og sýna gott fordæmi. Í lok árs 2016 höfðu átta af níu starfsstöðvum stofnunarinnar fengið viðurkenningu fyrir öll fimm skrefin og stefnt er að því að þær hafi allar innleitt verkefnið fyrir sumarið 2017.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti fékk viðurkenningu fyrir þriðja græna skrefið árið 2016.

## GRÆNT BÓKHOLD FYRIR RÍKISSTOFNANIR

Grænt bókhald fyrir ríkisstofnanir er verkefni á vegum stýrihóps um vistvæn innkaup. Um er að ræða verkfæri fyrir ríkisstofnanir til að fylgjast með þýðingarmestu umhverfisþáttunum í starfsemi þeirra, s.s. pappírskauþ, sorphirðu, samgöngur, hita og rafmagn. Það að færa grænt bókhald auðveldar stofnunum að finna tækifæri til hagræðingar. Grænt bókhald og Græn skref í ríkisrekstri tengjast. Grænu skrefin aðstoða ríkisstofnanir við að innleiða umhverfisáherslur en græna bókhaldið má nota til að meta árangur innleiðingarinnar.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með grænu bókhaldi en fjármála- og efnahagsráðuneyti hefur hvatt ríkisstofnanir til að halda grænt bókhald og skila því til Umhverfisstofnunar. Grænt bókhald ríkisstofnana er birt á vefsíðu um vistvæn innkaup í ríkisrekstri.

Árið 2015 skiluðu 28 ríkisstofnanir grænu bókhaldi en upplýsingar fyrir árið 2016 liggja ekki fyrir fyrr en um mitt ár 2017.

## Afgreiðsluverkefni

	ÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÆTLUN 2017	TEYMI	MÁL- HRAÐI
Grænt bókhald frá atvinnurekstri	50	52	50	50	50	52	52	Eftirlit	
Eftirfylgnismál vegna skila á grænu bókhaldi	8	9	8	5	8	0	5	Eftirlit	
Umsóknir um Svansleyfi	5	5	5	1	3	8	5	Neytenda	-
Yfirferð árskýrslna leyfishafa Svansins	25	16	6	6	19	19	25	Neytenda	-
Eftirlitsferðir til leyfishafa Svansins	23	7	6	6	3	7	11	Neytenda	-
Viðbótareftirlitsferðir Svansins	0	0	0	0	0	1	0	Neytenda	

**Ásprent Stíll**, fyrst akureyrskra fyrirtækja, hefur hlotið svansvottun.




## GRÆNT BÓKHOLD FYRIRTÆKJA Í ATVINNUREKSTRI


Fyrirtæki í atvinnurekstri, sem eru háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og falla undir reglugerð nr. 851/2002, skulu skila grænu bókhaldi. Græna bókhaldið er sett fram í skýrslu sem á að skila til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skýrslurnar eru aðgengilegar öllum á heimasíðu stofnunarinnar. Um er að ræða efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar um áherslur rekstraraðila í umhverfismálum. Tilgangur bókhaldsins er að veita upplýsingar til almennings um starfsemi fyrirtækjanna. Upplýsingarnar í græna bókhaldinu eru einnig nytsamlegar fyrir fyrirtækin sjálf og gagnast þeim vel í hvers konar umbótavinnu og gæðaeftirliti. Jafnframt eru þær góð undirstaða fyrir virkt umhverfisstjórnunarkerfi.

Árið 2016 skiluðu 52 rekstraraðilar inn græna bókhaldi. Þeir voru 50 árið 2015, 52 árið 2014 og 53 árið 2013. Vel hefur gengið að fá skýrslurnar inn fyrir lokaskiladag en þó hefur þurft að ýta á eftir einstaka aðilum með skilin.


Fjöldi íslenskra svansleyfa



Gjöld Svansins 2016



Tekjur Svansins 2016



# MIKIÐ ANNRÍKI VEGNA FJÖLDA FERÐAMANNA

Mat á umhverfisáhrifum er rauður þráður í gegnum fjölmörg verkefni Umhverfisstofnunar. Þetta á við um yfirferð á ýmsum áætlunum stjórnvalda, skipulagstillögum sveitarfélaga, mat á umhverfisáhrifum skipulags og framkvæmda og svo loks við leyfisveitingar. Settar eru fram ábendingar í samræmi við lög um náttúruvernd og mengunarvarnalöggjöf með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum.

Skipulagstillögur taka eins og gefur að skilja mið af þeirri þróun sem verður í samfélaginu hverju sinni. Eftir að Ísland varð vinsælli ferðamanna- staður miða tillögur að breyttri landnotkun í dreifbýli yfirleitt að þörfum ferðamannaíðnaðarinnar, þ.e. breytingum í svæði fyrir verslun og þjónustu, hótél, gistirými og ýmiss konar þjónustu við ferðamenn. Ef þær skipulagstillögur eru skoðaðar sem komu til umsagnar hjá stofnuninni á árinu 2016 sést þróunin mjög skýrt: Af þeim u.þ.b. 220 umsögnum sem unnar voru á síðasta ári fjölluðu 87 þeirra um skipulagsáætlanir er varða gististaði og hótél, tjaldsvæði, veitingastaði og uppbyggingu á ferðamannastöðum, s.s. friðlýstum svæðum, eða alls um 40% allra umsagna.

## UPPGANGUR Í FISKELDI

Umhverfisstofnun veitti hátt í 60 umsagnir í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á árinu 2016. Umsagnir um mat á

umhverfisáhrifum fiskeldis voru áberandi eins og reyndar hefur verið undanfarin ár. Alls veitti Umhverfisstofnun umsagnir um mat á umhverfisáhrifum fyrir allt að 54.000 tonna fiskeldisframléiðslu á vegum fimm fyrirtækja og 1.500 tonna seiðaeldisframléiðslu.

Endurskoðun starfsleyfa var eitt af áhersluverkefnum stofnunarinnar á árinu 2016. Þar sem ekki hafði tekist að koma á virkri endurskoðun starfsleyfa fram að þessu var starfsleyfum til endurskoðunar forgangsraðað út frá tilteknum viðmiðum. Gerðar voru lagfæringar á nokkrum fiskeldisleyfum með það að markmiði að gera þau skýrari. Einnig er í vinnslu endurskoðun nokkurra eldri starfsleyfa sem þarfnast uppfærslu.

## UPPLÝSINGAFUNDIR VEGNA STÆRRI IÐJUVERA

Nokkrar breyttar áherslur í eftirliti komu til framkvæmda á árinu 2016. Sýnatökur og mælingar til samanburðar þeim mælingum sem gerðar eru skv. vöktunaráætlunum iðnaðarstarfsemi voru framkvæmdar í fyrsta sinn og er nú unnið úr niðurstöðunum þeirra mælinga. Umhverfisstofnun tók þá ákvörðun að boða sjálf til kynningarfundar vegna stærri iðjuvera og kynna þar niðurstöður eftirlits og vöktunar á undangengnu ári. Mæltist það fyrirkomulag vel fyrir. Einnig var lögð áhersla á þjálfun eftirlitsmanna. Einn liður í því var ferð

sérfræðinga Umhverfisstofnunar til Svíþjóðar þar sem báðir aðilar miðluðu upplýsingum um fyrirkomulag eftirlits og farið var í sameiginlega eftirlitsferð. Áform eru um að halda slíku samstarfi áfram.

## ALMENNINGUR FÁI AUKINN RÉTT

Aðkoma almennings að ákvarðanatöku um umhverfismál var til skoðunar á árinu. Skipulagsferill framkvæmda er flókinn og getur verið erfitt fyrir almenning að átta sig á hvenær besta tækifærið er til að hafa áhrif á ákvarðanatöku. Almennangi er að meginstefnu tryggð aðkoma að ákvarðanatöku stjórnvalda en niðurstaða skoðunar er að skipulagsferlið mætti vera markvissara. Mikilvægt er að skýrar upplýsingar komi fram í upphafi ferils. Það hefur jafnframt verið gagnrýnt að ekki sé unnt að kæra ákvarðanir stjórnvalda fyrir en seint í ferlinu. Umhverfisstofnun hefur skoðað hvernig stofnunin getur aukið enn frekar aðkomu almennings og vinnur nú að því að innleiða breytt verklag í samræmi við það.

## FRÁVIKUM FJÖLGAD

Frávikum í eftirliti með fiskeldi fjölga talsvert milli ára. Það skýrist af því að um 70 nýjar stöðvar komu inn til eftirlits til Umhverfisstofnunar árið 2015 sem áður voru í umsjón heilbrigðiseftirlitssvæða.

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	RAUN 2016	ÁÆTLUN 2017	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Tillögur að reglugerðum	15	16	15	31	20	17	15	Eftirlit	-
Greiningar á EES - gerðum	100	164	120	72	90	115	100	Eftirlit	-
Mengunarvarnaeftirlit	150	141	95	95	90	90	85	Eftirlit	-
Eftirfylgnismál stofnuð í kjölfar mengunarvarnaeftirlits	40	24	30	34	25	8	20	Eftirlit	-
Þingmál frá Alþingi, þingsályktanir og frumvörp	30	18	15	9	12	7	10	Umsagna-og leyfis	-
Umsagnir vegna stjórnsýslukæra	3	3	2	6	5	11	10	Umsagna-og leyfis	14
Mat á umhverfisáhrifum	50	44	50	39	30	52	50	Umsagna-og leyfis	15-21
Umsagnir um skipulagsáætlanir	210	185	215	235	224	199	200	Umsagna-og leyfis	120
Starfsleyfi - útgefin	15	15	12	22	29	9	38	Umsagna-og leyfis	180
Umsagnir um undanþágur frá starfsleyfum	25	14	20	15	15	22	15	Umsagna-og leyfis	14
Leyfisveitingar vegna rannsóknaleyfa á friðlýstum svæðum				9	12	25	20	Umsagna-og leyfis	



Eftirlitsferðum í þessar stöðvar seinkaði nokkuð á árinu 2015 vegna tafa á innleiðingu breytinga sem gerðar voru á lögum um fiskeldi árið 2014 þar sem Umhverfisstofnun gerir þjónustusamning við Matvælastofnun um eftirlitsferðir. Einnig urðu tafir vegna verkfalls hjá Matvælastofnun á árinu 2015 sem dróst nokkuð á langinn.

Frávikum fjölgar á ný í úrgangsméðhöndlun. Skýrist það helst á frávikum hjá minni úrgangstöðvum og snýr nokkur hluti þeirra að ófullnægjandi skráningum og frágangi staðanna, þá sérstaklega aðgengi að sýnatökustöðum og uppsetningu sýnatökubrunna. Einnig komu fram frávik er varða rangar umbúðir við flutning spilliefna og ófullnægjandi aðskilnað úrgangsflokka á flokkunarstöðvum.



Aukning í frávikum í verksmiðjuflokknum skýrist helst af endurteknum frávikum í vinnslu úr brotajárni og álgjalli og frávikum nýlegs kísilveris en nokkuð áberandi er hversu mörg frávik eru greind hjá fyrirtækjunum í þessum flokki.

**57% EFTIRLITSSKYLDRA ÁN FRÁVIKA**


Þegar á heildina er litið, sést að af þeim 133 rekstraraðilum sem sættu eftirliti árið 2016 eru 76 þeirra frávikalausir, eða 57%. Af þeim 57 fyrirtækjum sem voru skráðir með frávik á síðasta ári eru 18 þeirra með 3 eða fleiri frávik og 4 þeirra með 5 eða fleiri frávik í eftirliti. Frávik koma endurtekið upp í sömu fyrirtækjunum og er það mest áberandi í úrgangs-, fiskeldis- og verksmiðjuflokkunum. Mikilvægt er fyrir Umhverfisstofnun að vera ávallt vakandi fyrir nýjum leiðum til að veita aðhald í eftirliti og hvetja fólk til að gera betur. Í því sambandi er samstarf við önnur stjórnvöld hérlendis sem og utan landsteinanna nauðsynlegt.

Á meðfylgjandi myndum má sjá þróun í losun PAH efna og díoxíns frá 1990-2015. Mikill samdráttur er í báðum þessum efnaflokkum. Þennan samdrátt má að mestu rekja til þess að opinni brennslu sorps var nær alveg hætt og að stífar kröfur voru gerðar um hvernig efni mætti brenna á áramótabrennum. Hins vegar er má sjá greinilega aukningu í losun PAH efna frá stóriðju í takt við aukna uppbyggingu á því sviði.

Á árinu var farið í endurútreikning á PAH losun frá sorpbrennslum aftur í tímann en vísbendingar voru um að PAH losun frá sorpbrennslu hefði verið vanmetin. Því hækkar metin losun á PAH efnunum talsvert frá áður útgefnum tölum.



**Meðaltalsfjöldi frávíka eftir flokkum**



# UMHVERFISMÁL Í BRENNIDEPLI

Umhverfisstofnun var 993 sinnum til umfjöllunar í innlendum fréttum árið 2016 en ári fyrr var 722 sinnum fjallað í fréttum um stofnunina. Þetta kemur fram í Fjölmíðlaskýrslu Creditinfo og nam aukningin um 23% milli ára.

Sýnileiki Umhverfisstofnunar óx í öllum tegundum fréttafjölmíðlunar. 432 fréttir birtust um Umhverfisstofnun í netmiðlum árið 2016 í stað 291 árið 2015. 282 sinnum var fjallað um stofnunina í prentmiðlum en 217 sinnum árið 2015. Nokkur aukning varð einnig í umfjöllun sérvefja milli ára og 67% aukning í fjölda sjónvarpsfrétta. Slagar nærri að unnin hafi verið sjónvarpsfrétt um Umhverfisstofnun annan hvern dag árið 2016. Þá er ótalin þátttaka ýmissa sérfræðinga Umhverfisstofnunar í viðtalsþáttum og annarri fjölmíðladagskrá en fréttum.

## TIL MÓTS VIÐ ALMENNING

Ný skref voru einnig stigin á upplýsingasviði árið 2016. Þar má nefna samning Umhverfisstofnunar við Ríkisútvarpið og Krakkafréttir um gerð fræðsluefnis á sviði umhverfismála fyrir börn. Þættirnir, sex talsins, voru sýndir fyrrihluta ársins 2017 og nutu vinsælda. Þá fer upplýsingamiðlun á Facebook-síðu Umhverfisstofnunar sífellt vaxandi. Nánast daglega er birt á síðunni nýtt efni um umhverfismál sem þýðir að ný tækifæri skapast í gagnvirkni fyrir almenning. Þá er ógetið viðamikillar fréttar- og upplýsingamiðlun á heimasíðu stofnunarinnar, ust.is. Þar koma fram ýmsar staðreyndir sem oft verða fjölmíðlum að fréttafni. Loks hafa ný svæði á heimasíðu stofnunarinnar undir fyrirspurnir frá almenningi verið vel sótt.



Starfsmenn Umhverfisstofnunar nota öll tækifæri til að fegra umhverfið.

## TRAUST OG JÁKVÆÐNI GAGNVART STÖRFUM

Viðhorf og þekking Íslendinga á störfum Umhverfisstofnunar voru könnuð árið 2016. Það var fimmta árið í röð sem Maskína, sem sérhæfir sig í könnunum og rannsóknum, framkvæmdi könnun meðal almennings fyrir Umhverfisstofnun. Í úttektinni sem gerð var í september og október 2016 og byggir á svörum 831 Íslendinga kom fram að aðeins 70 svarendur voru neikvæðir gagnvart stofnuninni. 444 svarendur voru jákvæðir gagnvart störfum Umhverfisstofnunar, eða 56,2%. 277 svarendur, eða 35%, sögðust í meðallagi ánægðir.

Ímynd stofnunarinnar styrktist árið 2016, því milli ára fjölgaði um 10% frá fyrra ári í hópi þeirra sem voru mjög eða frekar jákvæðir í garð Umhverfisstofnunar. Neikvæðum fækkaði á sama tíma um 3%. Meðaltal stofnunarinnar árið 2016 (3,60) var hærra en meðaltal Maskínu sem var 3,48 og þekking almennings á Umhverfisstofnun er

allgóð. Tveir þriðju svarenda töldu sig þekkja vel eða í meðallagi vel til starfsemi stofnunarinnar.



## VAXANDI VITUND UM MIKILVÆGI UMHVERFISMÁLA

Könnunin sýndi enn fremur að áhugi almennings á umhverfismálum fer vaxandi. Aðeins 9,8% svarenda höfðu mjög lítinn eða engan áhuga á umhverfismálum. 89,2% þeirra höfðu á hinn bóginn áhuga á málaflokkum sem helst nokkuð í hendur við vaxandi umhverfivitund almennings á heimsvísu.

Traust til Umhverfisstofnunar jókst milli árána 2015 og 2016 um 4% samkvæmt könnun Maskínu. 12,2% svarenda báru lítið traust til stofnunarinnar en 37,7% mikið traust. Af þeim sem treysta stofnuninni hefur fjölgað í hópi þeirra sem hafa lokið háskólaprófi en flestir sem treysta stofnuninni eru þó einstaklingar með framhaldsskóla- eða iðnenntun.

## MEIRI ÁSÓKN Í MYNDATÖKUR

Erindum til Umhverfisstofnunar fjölgaði um 500 milli árána 2015 og 2016. Fjöldi lokinna erinda var í takt við þá fjölgun, eða um 550 mál. Almenn fjölgaði erindum nokkuð jafnt í flestum málaflokkum en þó voru nokkrir sem skáru sig úr. Sem dæmi þá fjölgaði leyfum til myndatöku á friðlýstum svæðum úr 56 árið 2015 í 70 árið 2016 og útgáfu innflutningsleyfa CITES (samningur um alþjóðaverslun með tegundir í útrymingarhættu) fjölgaði úr 11 í 26. Þá fjölgaði málum vegna mengandi starfsemi úr 125 í 153.



# MÁLSHRAÐI 2016

LEYFISVEITINGAR I	LÖGB. FRESTUR	MÁLSHRAÐI	HLUTFÖLL MÁLA Á RÉTTUM MÁLSHRAÐA
Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun: Samtal		281	14%
Leyfi fyrir notkun erfðabreyttra lífvera	Já	98	67%
Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum (9.5.0, 9.5.1. og 9.5.3)(nú 09.07.00 og 09.07.01)		57	39%

LEYFISVEITINGAR II	LÖGB. FRESTUR	MÁLSHRAÐI	HLUTFÖLL MÁLA Á RÉTTUM MÁLSHRAÐA
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi sæfiefna (07.06.04)	Já	173	0%
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörur (07.07.04)			
Leyfi til leiðsögu á hreindýrasvæðum			
Leyfi fyrir varpi í hafið og lagningu sæstrengja		67	31%
Leyfi fyrir myndatöku á friðlýstum svæðum (9.6.1)		17	67%
Leyfi til ljósmyndunar friðaðra fugla (11.15)		123	9%
Flutningstilkynning úrgangs (8.14.5)	Já	120	0%
Undanþága frá merkingu snyrtivara		30 dagar	

LEYFISVEITINGAR III	LÖGB. FRESTUR	MÁLSHRAÐI	HLUTFÖLL MÁLA Á RÉTTUM MÁLSHRAÐA
Endurnýjun leyfis til leiðsögu á hreindýrasvæðum			
Notendaleyfi fyrir garðaúðun og eyðingu meindýra		17	93%
Innflutningsleyfi vegna CITES		16	77%
Útflutningsleyfi og endurútflutningsleyfi vegna CITES		8	100%
Leyfi til urðunar dýrahæja (8.14.3), sóttmengaður úrgangur		1	92%

EFTIRLIT	LÖGB. FRESTUR	MÁLSHRAÐI	HLUTFÖLL MÁLA Á RÉTTUM MÁLSHRAÐA
Mengunarvarnaeftirlitsskýrsla með starfsleyfisskyldri starfsemi		32	80%

ÖNNUR VERKEFNI	LÖGB. FRESTUR	MÁLSHRAÐI	HLUTFÖLL MÁLA Á RÉTTUM MÁLSHRAÐA
Fyrirspurnir um túlkun á lögum og reglugerðum (4)		176	50%
Aðgangur að upplýsingum (3.6)		16	63%
Ráðningar í störf (að umsóknarfresti liðnum)		25	78%
Rökstuðningur vegna synjunar starfs	Já		

UMSAGNIR	LÖGB. FRESTUR	MÁLSHRAÐI	HLUTFÖLL MÁLA Á RÉTTUM MÁLSHRAÐA
Umsagnir um undanþágur laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (11.8.)		43	25%
Heimild til tollafgreiðslu leyfisskyldra efna og efnablandna (7.7.2, 7.8.3, 7.5.2)		5	79%
Umsagnir um undanþágur frá einstökum rg. settum skv. 4. og 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (6.4.0, 6.4.1, 6.4.2, 6.4.3, 6.4.4,6.4.5,6.4.6)		68	12%
Umsagnir um stjórnáskilgætur		329	0%
Umsagnir um aðalskipulag		34	72%
Umsagnir um deiliskipulag		31	79%
Umsagnir um svæðaskipulag		36	100%
Aðrar umsagnir		15	100%
Mat á umhverfisáhrifum (10.5)		20	62%
Umsögn um réttindi heilbrigðisfulltrúa (6.3.3)		12	67%
Umsögn um undanþágu á starfsleyfi		13	60%
Umsögn um rannsóknarleyfi á grundvelli l. um rannsóknir og nýtingu á auðindum í jörðu nr. 57/1998 (10.5.5)		13	50%

EFNI OG EFNAVÖRUR	LÖGB. FRESTUR	MÁLSHRAÐI	HLUTFÖLL MÁLA Á RÉTTUM MÁLSHRAÐA
Umsagnir um undanþágur og notkun varnarefnis (7.8.2)		20	46%
Verkefni á ársáætlun			80%
Málshraði ábendinga		106	34%
Málshraði kvartana		154	25%







